

# ÁLFRÚN GUNNL AUGSDÓTTIR

## *JAKOBS SAGA POSTOLA, TVEGGIA POSTOLA SAGA JONS OK JAKOBS OG LIBER SANCTI JACOBI*

### Inngangur

*Liber Sancti Jacobi* er, eins og nafnið bendir til, latneskt rit sem helgað er postulanum Jakobi, en hann er verndardýrlingur Spánar. Gamlar sagnir herma að postulinn eigi sér legstað þar í landi, undir altari Dómkirkjunnar í borginni Santiago de Compostela, sem á miðöldum var álitin afar helgur staður er pilagrímar flykkust til unnvörpum. Og svo er enn. Meira að segja fóru pilagrímar þangað frá Íslandi og má þar fræga telja þá Hrafn Sveinbjarnarson<sup>1</sup> og Björn Einarsson Jórsalafara<sup>2</sup>. Björn var að vísu þar á ferð um það bil tveimur öldum síðar en Hrafn. Pilagrímsleiðin eða Jakobsvegurinn svokallaði (*El Camino de Santiago*), sem lá frá Norður-Evrópu og suður á bóginn, mun hafa verið þéttskipaður fólki sem ferðaðist í báðar áttir, einkum um hásumartímann, en 25. júlí er helgaður Jakobi. Annar dagur er honum einnig helgaður, 30. desember, en þá á lík hans að hafa borist til Galicia-héraðsins á Spáni. Eins og gefur að skilja var Jakobsvegurinn ekki einn vegur og væri ef til vill réttara að tala um Jakobsleiðirnar, enda skipti leiðin sem farin var ekki máli, heldur það að komast á leiðarenda. Leiðir þessar greindust til dæmis eftir því hvort pílagrímarnir stefndu til Spánar norðaustan frá eða norðvestan. Þær lágu gegn-

<sup>1</sup> *Sturlunga saga*, ritstjóri Örnólfur Thorsson (Reykjavík: Svart á hvítu, 1988), 885–886. Í *Hrafn sögu hinni sérstöku* kemur fram að Guðmundur Svertingsson hafi ort drápu um Hrafn, en þar er að finna þessar ljóðlinur: „Ferð kom fleina rýrir/ fram, jókeyrir Glamma/ hlýðinn sá storma striða/ stund, til Jakobs fundar“ (885–886).

<sup>2</sup> *Islandske Annaler indtil 1578*. Dr. Gustav Storm gaf út (Christiania: 1888), 288. Í „Lögmannsannál 1405–1407“ stendur: „þetta aar for Bjorn bondi Einar son af landi j burt. ok hans hvstrv Solveig. Foro þav fyst til Roms oc þadan aptr j Fenedi. stigu þar a skip oc sigldv suo ut yfir hafit til Iorsala l(andz). til vorss herra grafar oc þadan aptur j Fenedi. s(i)idan sk)ildv þav þar. for hustruen aptur til Noregs. enn bondinn for vestur j Compostellam til sanctum Iacobum. la hann þar siukur halfann (man)vд.“

um ýmis lönd Evrópu til Frakklands, nema sjóleiðin væri valin, og þaðan til Spánar og enduðu allar, ef svo má að orði komast, hjá helgiskríni postulans í Dómkirkju Santiago de Compostela.

Veglegasta handritið sem til er af *Liber sancti Jacobi*,<sup>3</sup> og nefnt er *Codex Calixtinus*, er varðveitt í skjalasafni þeirrar dómkirkju. Handrit þetta er ekki hið „upprunalega“ handrit, en er álítið það elsta sem til er af þessu verki.<sup>4</sup> Telst það eitt af þjóðargersemum Spánar. Þrátt fyrir þá staðreynd hefur þetta handrit aðeins einu sinni verið prentað í heild og auk þess hefur verið mun meira fjallað um það í trúarlegu tilliti en bókmennatalegu. Hins vegar hafa einnig verið gefnir út hlutar af handritinu, aðallega Fjórða bók þess.

Hér á eftir verður fjallað lítillega um *Codex Calixtinus* til kynningar á því riti og er það notað til samanburðar við nokkrar þeirra frásagna sem varðveittar eru í íslenskum handritum um postulann Jakob. Miðað er við *Jakobs sögu postula* í tveimur gerðum (AM 645 4to og AM 630 4to) og *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*. Þessar þrjár frásagnir er að finna í útgáfu Ungers.<sup>5</sup> Síðastnefnda sagan er í *Skarðsbók*<sup>6</sup>, en það er með íslenskar þjóðargersemar eins og spænskar, ekki hefur verið lögð sú rækt sem skyldi við að gefa þær út.

*Codex Calixtinus* og postulasögur *Skarðsbókar* eiga það sameiginlegt að vera safnrit. Munurinn er hins vegar sá að *Codex Calixtinus* hefur að geyma efni um aðeins einn postula, en í *Skarðsbók* segir frá mörgum. Mér sýnist

3 *Liber Sancti Jacobi*, „Codex Calixtinus“ I. Texto. Walter Muir Whitehill afritaði og gaf út í Santiago de Compostela, 1944. Þetta er eina prentaða útgáfan sem til er af ritinu í heild. Einnig hefur verið stuðst við eftirlitlið rit, vegna þess hve erfitt reyndist að fá lánað eintak af útgáfu Whitehills: *Texto del manuscrito del Codex Calixtinus conservado en la Catedral compostelana. Liber Sancti Jacobi*, „Codex Calixtinus“. Traducción por los profesores A. Moralejo, C. Torres og J. Feo (Santiago de Compostela: 1951; reedición preparada por X. Carro Otero, Xunta de Galicia, 1992).

4 Ég mun fylgja þeirri hefð sem skapast hefur að vísa til verksins í almennu tilliti sem *Liber Sancti Jacobi*, en mun hins vegar kalla handritið sem varðveitt er í borginni Santiago de Compostela, *Codex Calixtinus*.

5 *Postola sögur*, udgivne af C.R. Unger. Udgiven som Universitetsprogram for Andet Semester 1873 (Christiania: 1874). *Jakobs saga postola* (bls. 513–535). *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* (bls. 536–711).

6 Sjá *Postola sögur*. Útgáfa Ungers á *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* byggist á afriti af *Skarðsbók* sem Árni Magnússon léti gera, eins og kemur fram í formála Ungers, bls. II. Eyjólfur Björnsson gerði það afrit eins og Ólafur Halldórsson bendir á í útgáfu sinni á *Sögur úr Skarðsbók* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1967), 20.

að samanburður á nokkrum þeirra frásagna sem varðveist hafa á íslensku um postulann Jakob við sömu frásagnir, eða keimlíkar, í hinu mikla verki um hann, *Codex Calixtinus*, varpi ekki aðeins ljósi á íslensku frásagnirnar heldur líka þær sem er að finna í latneska ritinu. Ekki síst tel ég áhugavert að bera Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* saman við latneskan texta, en eftir því sem ég best veit hefur slíkur samanburður hingað til ekki verið gerður.

## I. *Codex Calixtinus*

Handritið *Codex Calixtinus* hefur að geyma, auk margs annars, helgisöguna af því hvernig postulinn Jakob ferðaðist alla leið til Spánar til að snúa landslýð til kristinnar trúar og hafði ekki erindi sem erfði. Einnig er frá því sagt hvernig lík hans var flutt þangað eftir að Heródes hafði látið taka hann af lífi í Jerúsalem. Það var þó ekki fyrr en á níundu öld að sú fregn barst um heimsbyggðina, að fundist hefði gröf sem varðveitti líkamsleifar Jakobs postula. Ekki fylgdi sögunni hvernig sú uppgötvun var gerð og er allt á huldu með það. Einnig er á huldu hvernig menn áttuðu sig á að um var að ræða líkamsleifar postulans. Af rituðum miðaldaheimildum má helst ráða að yfirnáttúrleg teikn að næturlagi með englum og tilheyrandi ljósadýrð hafi vísað á gröfina. Þótt ekki verði farið nánar út í þá sálma hér, er vert að hafa í huga, í sambandi við tilurð helgisögunnar, að ekki var svo ýkja langt liðið frá því að Arabar lögðu undir sig hluta Spánar og gerðu ósjaldan leifturárasír á lönd þau sem kristnir héldu, þar á meðal bæinn Santiago de Compostela. Einnig má benda á að undir núverandi Dómkirkju borgarinnar er grafir að finna sem talið er að séu frá áttundu öld eftir Krist, eða jafnvel eldri, svo að þarna hefur verið grafreitur frá fornu fari og þá væntanlega kirkja.<sup>7</sup> En hvernig sem því var háttáð voru pílagrímsferðir til Santiago de Compostela orðnar mikilvægur þáttur í trúar- og samfélagslífi Vestur-Evrópu á 12. öld. Þeir sem lögðu á sig að ganga langar leiðir og við erfðiðar aðstæður til grafar Jakobs postula voru í miklum metum hafðir. Margvísleg ferðaþjónusta, eins og sagt mundi nú á dögum, dafnaði kringum pílagríms-

<sup>7</sup> Fernández Arenas, José. *Elementos simbólicos de la peregrinación Jacobea* (Santiago de Compostela: Edilesa, 1998), 22–23. *Santiago, la catedral y la memoria del arte*. Edición a cargo de Núñez Rodríguez, Manuel (Santiago de Compostela: Consorcio de Santiago, 2000), 9.

ferðirnar.<sup>8</sup> Einnig litu dagsins ljós rit eða jafnvel bækur sem sögðu frá þeim kraftaverkum er gerðust í skjóli postulans og með því einu að heita á hann eða biðja til hans.

Svo virðist sem í lok 11. aldar hafi tvær helgisagnir runnið saman, helgisagnir sem áður höfðu verið aðskildar. Önnur sagði frá atburðum í lífi postulans Jakobs, trúboðsferð hans til Spánar og dauða hans, hin frá flutningi líks hans til Santiago de Compostela og greftrun þess þar.<sup>9</sup> En ekki fóru allir til Spánar í því augnamiði einu að heimsækja gröf postulans og öðlast fyrirgefningu syndanna, heldur einnig til að berjast við múhameðstrúarmenn sunnar í landinu. Að deyja í baráttu við þá jafngilti píslarvætti. Í samræmi við það verður hinn friðsæli postuli herskár og eggjar hann Karlamagnús keisara í draumi, samkvæmt frásögu *Liber Sancti Jacobi*, til að fara með her til Spánar og hreinsa landið af múhameðstrúarmönnum.<sup>10</sup> Þjóðsagan um Karlamagnús sem *Matamoros* (Márabana) verður einmitt til á miðöldum, en jafningjar hans tólf deyja nokkurs konar píslarvættisdaða í Rúnzival (á latínu *Runcieullis*, á fornfrönsku *Rencesvals*), eftir því sem hermt er í franska kappakvæðinu *La Chanson de Roland* og í norrænu þýðingunni á því kvæði, *Sögunni af Rúnzivals bardaga*. Dáðir Karlamagnúsar og kappa hans suður á Spáni, samkvæmt þessum frásögnum, eru ekki nema að litlu leyti í samræmi við sagnfræðilegar heimildir. Vissulega réðst Karlamagnús inn í Spán árið 778 og settist um borgina Zaragoza, en því fór fjarri að ætlunin hafi verið að vinna einhvern stórsigur á Márum. Þvert á móti blandaði hann sér í pólitískar deilur þeirra á milli. Skálduð framganga Karlamagnúsar á Spáni tengist engu að síður helgisögninni af Jakobi postula.

Handritið *Codex Calixtinus* er áltið hafa orðið til á 12. öld,<sup>11</sup> líklega á seinni helming aldarinnar.<sup>12</sup> Í ritinu er getið um „höfunda“ verksins, en öruggt er

8 Díaz y Díaz, Manuel C. *El Códice Calixtino de la Catedral de Santiago* (Santiago de Compostela: 1988), 21–23.

9 Sama rit, 29.

10 *Codex Calixtinus*, 303. Sjá einnig *Karlamagnús sögu ok kappa hans*. Udgivet af C.R. Unger. Program til I. Semester 1859 (Christiania: 1860), 265. Einnig *Tveggja postola sögu Jons ok Jakobs*, 668. Hér eftir verður sú saga skammstöfuð TPSJ+J.

11 Sjá formálann að spánsku þýðingunni á *Codex Calixtinus*, bls. xiii. Sjá einnig Díaz y Díaz, *El Códice*, 33.

12 Díaz y Díaz, *El Códice*, 77. Tekið skal fram að þótt ég taki mið af þessu handriti sem varðveitt er á Spáni tel ég hæpið að frásagnir af postulanum Jakobi hafi beinlinis borist þaðan

talið að þeir sem tilgreindir eru hafi hvergi komið þar nærri. Óvist er aftur á móti hvort einn maður eða fleiri hafi safnað textunum um Jakob og spyrt þá saman í því augnamiði að skapa heildstætt rit um postulann.

Ritinu er skipt niður í fimm bækur. Aðalsögumaður og safnari ritsins er sagður vera Calixtus II, sem var páfi frá 1119 til 1124. Það hefst á inngangi í formi bréfs sem Calixtus á að hafa skrifð. Þar greinir hann frá ætlun sinni með þessu verki og kveðst hafa haft ást á Jakobi postula síðan hann var barn að aldri og farið viða um lönd í fjórtán ár<sup>13</sup> til að safna og skrifa niður það sem hann gat fundið um postulann. Hafi hann lent í ótrúlegustu raunum og hættum, en gögnin sem hann hafði verið búinn að safna í handrit björguðust alltaf. Handritið skildi hann aldrei við sig.<sup>14</sup>

Ok þetta sama vattar Calistus satt vera sem hann fram setr fyrir iartegnabok, er hann aflaði af verkum Jacobi postola... Ok i annan tíma sa ek syn aðra, þa er ek hafði þat með hendi at dikta sermonem de translatione sæls Jacobi... saa ek i andar syn drottin minn Jesum Kristum ok með honum hinn sæla Jacobum... Sva segir virðuligr maðr Calistus frammi fyrir iartegnabok hins signaði Jacobi, boðandi síðan marga luti ok mikils verða, hvar þilikt finnz skrifat millum annarra luta, sem her ma heyra.

Tilvitnunin er tekin úr *Tveggja postola sögu Jons ok Jakobs*,<sup>15</sup> en sú saga hefur að geyma mun fleiri þýðingar sem tengjast *Liber Sancti Jacobi* en talið hefur verið. Ef aðeins er miðað við handritið *Codex Calixtinus*, er formáli Calixtusar inngangur að bókunum fimm sem ritið er sett saman úr, og er hann þó nokkuð lengri en hin norræna gerð af honum. Norræna þýðingin á innganginum endar einmitt á seinstu setningunni í tilvitnuninni hér að ofan. Þegar þeim hluta lýkur í *Codex Calixtinus*, sem sagt frásögn Calixtusar af sýnum sínum, tekur við upptalning á kirkjufeðrum, vegna þess að Calixtus vill fullvissa lesandann um að safnritið sé byggt á sannleika og því enginn uppdiktur. Hann styðjist við siththað úr testamentunum, auk þess rit ýmissa kirkjufeðra, sem hann telur upp, en annað hafi hann séð með

til Noregs eða Íslands. Enginn veit með vissu hvernig slíkar almennar frásögur ferðuðust milli landa.

<sup>13</sup> Samkvæmt *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* var Calixtus „xiiii vetra gamall“ þegar hann hóf söfnunina.

<sup>14</sup> *Codex Calixtinus*, 1–2. TPSJ+J, 680–682.

<sup>15</sup> TPSJ+J, 682.

eigin augum eða skrifað upp eftir öðrum. Sé ritid ætlað bæði lærðum og leikum og því sett fram á einföldu máli. Síðan snýr páfinn sér að söng og helgisiðum sem ætlast er til að séu viðhafðir við messur er sungnar eru til dýrðar Jakobi postula (*Codex Calixtinus*, 2–4). Ekkert af þessu er að finna í norrænu þýðingunni.

Formálinn að norrænu þýðingunni er formáli að mun samþjappaðra efni, tuttugu og fimm kraftaverkum sem áttu sér stað fyrir tilstuðlan postulans. Í ofangreindri tilvitnun er einmitt talað um jarteiknabók. Ástæðan fyrir því að formáli norrænu þýðingarinnar er styttri en formálinn í *Codex Calixtinus* liggar því í augum uppi. Í fyrra tilvikinu er aðeins um að ræða formála að jarteiknabók en ekki að stóru safnriti líkt og í seinna tilvikinu. Eins og koma mun fram bendir margt til þess að ritstjóri eða afritarar *Codex Calixtinus* hafi tekið að sér að lengja formálann, og því skotið inn viðbótum, annaðhvort úr öðrum heimildum eða frá eigin brjósti. En tekið skal fram að norræna þýðingin á formálanum virðist nákvæm, svo langt sem hún nær, að minnsta kosti fer ekki milli mála að hún er af sama meiði og upphaf formálans að öllu hinu mikla riti *Codex Calixtinus*.

Þegar lýkur formálanum í *Codex Calixtinus* tekur *Fyrsta bók* við. Hún nær yfir um það bil helming verksins (4–257) og er langlengsta bókin. Hefur hún að geyma prédikanir og hómilíur, þar sem fjallað er um postulann Jakob. Þar segir einnig frá píslarvættisdaða hans, frá flutningi líksins til Galicia-héraðsins á Spáni og ýmsu öðru sem viðkemur tilbeiðslu á postulanum. Eins og búast má við af hómilíum er nokkuð um endurtekningar á efni frá einum hluta eða kafla til annars. Oftast er sagt frá efninu á svip-áðan hátt, en þó ekki alltaf.

Í *Annari bók Codex-handritsins* (259–287) segir frá tuttugu og tveimur kraftaverkum sem postulanum Jakobi eru eignuð. Þetta er því jarteiknabók. Í norrænu þýðingunni, sem er að finna í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, eru kraftaverkin tuttugu og fimm og verður fjallað um þau síðar.

Í *Priðju bókinni* (289–299) er sagt frá því hvernig lík postulans var flutt frá Jerúalem til Galicia-héraðsins. Priðja bókin er stysta bók verksins, aðeins örfáar blaðsíður.

Af öllum bókunum er *Fjórða bókin* (301–348) sú langþekktasta og hefur oft verið gefin út ein og sér. Hún var einnig skilin frá handritinu *Codex Calixtinus* á 17. öld og bundin í sérstakt band, þótt síðar hafi hún verið felld aftur í handritið. Sá sem segir frá í Fjórðu bók er ekki lengur Calixtus páfi,

heldur Turpin, erkibiskup af borginni Reims í Frakklandi, en þegar á líður frásögnina tekur Calixtus við aftur (í kafla XXIV) og heldur utan um hana allt til loka. Bókinni lýkur með kafla XXV. Hún fjallar að miklu leyti um Karlamagnús konung og kappa hans og er einn þeirra erkibiskupinn Turpin. Hann á að hafa tekið þátt í flestum atburðunum sem sagt er frá og verið vitni að þeim. Með öðrum orðum, sannleikurinn hreinn og tær situr í fyrirrúmi. Þó að efni Fjórðu bókar feli í sér skírskotanir til Jakobs postula, til dæmis birtist hann Karlamagnúsi þrisvar í draumi, gegnir hann ekki mikilvægu hlutverki og er þess vegna ekki að undra að litíð hafi verið á Fjórðu bókina sem sjálfstæða heild og hefur hún kannski verið það í upphafi. Hún hefur ýmist verið kölluð Turpinskrónika eða Pseudo-Turpin.

Fyrstu sautján kaflar Fjórðu bókar, eða Turpinskróniku, og mestallur átjándi kaflinn, eru til á norrænu í *Karlamagnús sögu og kappa hans* og hafa þeir hugsanlega verið þýddir í Noregi. Ekki er þó hægt að slá því föstu. Þegar um þýðingar er að ræða á norræna tungu á miðoldum, hvort sem það eru bækur af trúarlegum toga eða þýðingar á frönskum ljóðsögum eða kappakvædum, er nánast ómögulegt að vita hvort þær voru þýddar í Noregi eða á Íslandi, þar sem tungumálín voru svo náskyld.<sup>16</sup> Kaflarnir sautján í Turpinskróniku hinni íslensku eru mjög samhljóða frásögninni í *Codex Calixtinus*. Eins og áður sagði snýst hún að mestu um Karlamagnús og afreksverk hans á Spáni. Þeim sem þýddi kaflana á norrænu eða safnaði saman frásögnum um Karlamagnús, hefur hugsanlega fundist að þeir ættu betur heima í sögu um keisarann franska en um postulann Jakob. Eða þá að eintakið sem þýtt var eftir hefur verið sérstök saga. Frásagnir af Karlamagnúsi voru „vinsælar“ um þessar mundir og notaðar í ýmsum tilgangi, eins og Meredith-Jones bendir á.<sup>17</sup>

- <sup>16</sup> Fræðimenn eru ekki á einu máli hvað þetta atriði varðar. Sjá Jónas Kristjánsson, „Sagas and Saints’ Lives,” *Cultura Classica e Cultura Germanica Settentrionale*, a cura di Pietro Janni, Diego Poli og Carlo Santini (S. Severino: Università di Macerata, 1985), 125. Einnig Philip Roughton, „Stylistics and sources of the Postolaságur in AM 645 4to and AM 652/630 4to“, *Gripla* 16 (2005): 9–10. Ólafur Halldórsson, *Sögur úr Skarðsbók*, 23. Þórður Ingi Guðjónsson í Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson, *Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007), 164. Ekkert er því til fyrirstöðu að líta svo á að sumar þýðingar hafi verið gerðar í Noregi og aðrar á Íslandi, einkum eftir því sem á leið. Ekki er heldur útilokað að nýjar þýðingar hafi verið gerðar, þótt eldri þýðingar væru til.
- <sup>17</sup> Meredith-Jones, C. *Historia Karoli Magni et Rotholandii ou Chronique du Pseudo-Turpin* (Genève: Slatkine Reprints, 1972; Réimpression de l’édition de Paris, 1936), 37.

A fin de faciliter la canonisation, en 1166, de son héros Charlemagne, l'empereur Frédéric Barberousse fit préparer un ouvrage qui parlait avec force détails du mérite personnel et des droits à la canonisation de son illustre ancêtre. Le volume, la *Vita Karoli*, composé aux environs de 1165, emploie dans une de ses sections une version des premiers chapitres de la Chronique.

Kaflarnir átján í *Codex Calixtinus* mynda fyrstu tuttugu og þrjá kaflana í *Sögunni af Agulando konungi* sem er fjórði hluti *Karlamagnús sögu og kappa hans*.

*Fimmta bókin í Codex Calixtinus* (349–416) er framan af nokkurs konar leiðarlýsing fyrir pílagríma sem fara til Santiago de Compostela og eru mismunandi leiðir nefndar og stundum tekið fram hversu margar dagleiðir séu milli staða, hvaða fljót séu auðveld yfirferðar og hvaða fljót beri að varast. Einnig er tínt til hjá hvaða helgidóum, kirkjum og kapellum sé vert að staldra á leiðinni. Efni Fimmtu bókar leysist síðan upp og við taka ljóð eftir ýmsa kirkjunnar menn og frásagnir af kraftaverkum sem heilagur Jakob á að hafa gert, einnig páfabréf frá Innocentius II.

Frásagnirnar í *Codex Calixtinus* koma sín úr hverri áttinni og ber þó nokkuð á endurtekningum eins og áður er getið. Fátt virðist halda verkinu saman nema hinir ímynduðu sögumenn, Calixtus páfi og erkibiskupinn Turpin, og svo auðvitað postulinn Jakob sem er miðdepill og sameiningartákn allra frásagnanna nema Fjórðu bókar.

Hvað efniviðinn snertir hefur víða verið leitað fanga. Ógerlegt er að skera úr um hvort einn maður eða fleiri hafi séð um að safna efninu í fyrsta handrit verksins *Liber sancti Jacobi*, en eins og bent var á að framan er *Codex Calixtinus* aðeins eitt af mörgum handritum sem til voru af því verki á miðöldum og í ýmsum löndum. Jafnframt er erfitt að skera úr um hvort einn eða fleiri tóku svo að sér að skipuleggja verkið. Þar sem efni þess er fjölbreytt og jafnvel ósamstætt má gera ráð fyrir að það standi að baki því margir „höfundar“. Eins og síðar verður getið um (bls. 277) var einnig til styrtti útgáfa af *Liber sancti Jacobi*.

Stór safnrit verða tæpast til fyrir tilviljun eða að ástæðulausu. Mikið hefur verið skrafað og skrifafá um hvað hafi vakað fyrir þeim sem settu saman ritið *Liber Sancti Jacobi*, því að einstakir hlutar þess, eða bækur, voru

ef til vill ritaðar með annað markmið í huga en það sem býr að baki safnritinu í heild. Það tengist svo spurningunni hvar ritið var sett saman.

Allir geta verið sammála um að með safnritinu *Codex Calixtinus* sé verið að upphefja postulann Jakob, sýna fram á ágæti hans og sérstöðu og þá um leið staðarins þar sem hann hvílir. Bænum Santiago de Compostela er teft fram sem einu af þremur höfuðsetrum kristinnar trúar.<sup>18</sup> Mikilvægasta setrið sé í Rómaborg þar sem postulinn Pétrus hafi sest að. Hægra megin við Róm sé annað setur, Santiago de Compostela, þar sem postulinn Jakob hvíli, og þriðja setrið sé til vinstri handar við Róm, Efesus, sem tengist guðspjallamanninum Jóhannesi, en þar hafi hann skrifnað guðspjall sitt sem hefst á orðunum *In principio erat uerbum*.<sup>19</sup> Einnig er bókin, eins og ádur sagði, leiðbeining fyrir pílagríma og um messuform og söng við Jakobstiðir.

Lengi hefur verið við lýði sú hugmynd að upphaflega handritið af *Liber Sancti Jacobi* hafi verið ritað eða sett saman í Frakklandi og fyrir Frakka, enda svífi franskur andi yfir Fjórðu bók verksins, þar sem Karlamagnús kemur mjög við sögu. Sé Fjórða bókin fjarlægð úr verkinu, eins og gerðist með *Codex*-handritið á 17. öld, verður yfirbragð safnritsins annað. Merkilegt má teljast að sá hluti þeirrar bókar sem til er á norrænni tungu, skuli í þeiri gerð vera fyrsti hluti annars verks, *Sögunnar af Agulando konungi í Karlamagnús sögu og kappa hans*. Ekki má þó gleyma að bergmál af Turpinskróniku er að finna í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* sem sýnir að krónikan hefur einnig tilheyrt norrænu sagnahefðinni um Jakob postula.

Til frekari stuðnings þeirri hugmynd að *Liber Sancti Jacobi* hafi orðið til í Frakklandi, má þess geta að nokkur kraftaverkanna sem frá er sagt í *Codex Calixtinus*, og eru á þriðja tug, eiga sér stað í því landi. Eins og sjá má bendir ekki aðeins Fjórða bókin í þá átt. En ábendingar og rök af þessum toga veita ekki viðunandi svör, þótt þau séu góðra gjalda verð sem tilgátur. Seint mun takast að upplýsa hvar í veroldinni ritið *Liber Sancti Jacobi* var upphaflega sett saman og hver eða hverjir stóðu að baki því. Auðsætt er að flestallt er gert til að dylja það og er það hluti af hinum trúarlega tilgangi ritsins, sem er eignað þykjustuhöfundi. Mér sýnist því ekki úr vegi að horfa til örfárra atriða sem beinlínis varða frásögnina sjálfa. Þegar Calixtus II, sem á að vera höfundur safnritsins, er að lýsa í innganginum hvernig

<sup>18</sup> *Codex Calixtinus*, 325–326.

<sup>19</sup> Sjá einnig TPSJ+J, 676.

hann safnaði efni í það, minnist hann ekki sérstaklega á Spán í því sambandi, né nokkurt annað land. Hinni listrænu blekkingu um höfundinn Calixtus II, og aðra þykjustusögumenn sem stíga fram í verkinu, er haldið til streitu allt til loka þess. Og Calixtus er páfi allra káþólskra manna og hafinn yfir þjóðerni líkt og postulinn Jakob. Páfinn tekur sérstaklega fram í innganginum, að hann byggi verk sitt á annarra manna frásögnum, á alvörubókum eða því sem hann sjálfur hafi upplifað. Lesandanum eða hlustandanum er ætlað að trúá að Calixtus II hafi sett þetta rit saman, og trúi hann því, veitir ritid honum þá andlegu næringu og uppörvun sem hann sækist eftir.

## II. *Jakobs saga postola* og *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs*

Philip Roughton hefur bent á að flestir textanna í handritunum AM 645 4to og AM 630 4to, sem hafa að geyma meðal annars sögur af postulanum Jakobi, séu þýðingar á ævisögum postula sem finna má í „the so-called *Historia Apostolica* (Apostolic History) of Pseudo-Abdias“<sup>20</sup> (8–9), latnesku riti frá sjötu eða sjöundi öld.

Til er á norrænu allnákvæm þýðing<sup>21</sup> á *Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei*, en þá frásögu er að finna í bók Pseudo-Abdiasar.<sup>22</sup> Í útgáfu Ungers ber þýðingin heitið *Tillag – Passio sancti Jacobi apostoli* (Unger, 524–529) og er varðveitt í handriti frá 13. öld, áðurnefndu AM 645 4to sem talið er elsta handritið af postulasögum er hefur varðveist. Í umfjöllun minni hér á eftir og til einföldunar mun ég kalla þá gerð sögunnar Jakobs sögu A. Sagan er einnig varðveitt í pappírshandriti frá 17. öld, AM 630 4to sem fyrr var nefnt (Unger, 513–521), og mun ég kalla þá gerð sögunnar Jakobs sögu B. Það byggist á eldra handriti, AM 652 4to, sem er afar illa farið.<sup>23</sup> Fleiri

20 Sjá Roughton, „Stylistics“, 8. Unger lætur hins sama getið í innganginum að útgáfu sinni á *Postola sögum* (bls. I–II), en gerir því ekki frekari skil.

21 Eðlilega legg ég ekki nútímarmerkingu í orðið þýðing, því að það væri út í hött að beita henni á þýðingar frá miðoldum. Ég tel þýðingu vera nákvæma ef engar stórfelldar breytingar eru gerðar á henni miðað við undirliggjandi texta á latínu, eins og að fella niður málsgreinar eða bæta löngum málsgreinum við. Ég legg hins vegar minna upp úr einstökum orðum.

22 Boninus Mombritius, „*Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei*“, *Sanctuarium seu Vitæ Sanctorum II*, Georg Olms stýrði útgáfu (New York: Verlag Hildesheim, 1978), 37–40.

23 Sjá Roughton, „Stylistics“, 7–8, einnig Þórður Ingi Guðjónsson, *Frá Sýrlandi*, 164.

handrit eru til af sögunni, en þau hafa orðið fyrir meira eða minna hnjasí og læt ég þau liggja á milli hluta, þar sem markmið mitt er fyrst og fremst það að skoða tengsl milli frásagna af Jakobi postula, en ekki að bera saman einstök handrit af þýðingum slíkra sagna. Hér á eftir (bls. 245–253) verða borin saman fáein atriði í frásögnum *Historia Apostolica Pseudo-Abdiasar*, *sermo Honoriusar d'Autun*<sup>24</sup> og *Codex Calixtinus*, og sömu atriði í Jakobs sögu A og Jakobs sögu B, en sá samanburður mun væntanlega varpa ljósi á innbyrðis tengsl allra þessara texta. Segja má að íslensku handritin, Jakobs saga A og B, séu náskyld texta Pseudo-Abdiasar og Honoriusar d'Autun, en *Codex Calixtinus* skeri sig úr að ýmsu leyti.

## 1.

Kaflar 2 og 3 í Jakobs sögu B (AM 630 4to) samsvara Jakobs sögu A (AM 645 4to) í heild hvað lengd og efni varðar (kaflarnir eru alls fjórir), og samsvara þá einnig *Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei* í Pseudo-Abdiasi. B-gerðin er sem sagt lengri en A-gerðin og þá einnig lengri en hinn latneski texti Pseudo-Abdiasar sem liggur til grundvallar þeim báðum. Jakobs saga A er á hinn bóginn alveg samstiga Pseudo-Abdiasi hvað snertir efni og lengd. Í Jakobs sögu B verður frásögnin lengri fyrir þá sök að hafður er sérstakur inngangskafli eða formálsorð og er hann 1. kafli sögunnar, og svo er bætt við kafla aftan við söguna og verður hann 4. kafli hennar. Viðbótin í B-gerðinni á rætur að rekja til pré dikunar (*sermo*) í ritinu *Speculum Ecclesie* eftir Honorius Augustodunensis (Honorius d'Autun), *De Sancto Jacobo Apostolo*.<sup>25</sup> Kemur beinlínis fram í Jakobs sögu B hvaðan viðbótarefnið er komið og hver heimildin er:

Þeir Ermogenis ok Filetus toku helgan dom postola guðs, at því er segir *Speculum Ecclesie* (Unger, 519).<sup>26</sup>

Þess ber þó að gæta að þýðingin á viðbótinni, það er að segja, 4. kafli Jakobs sögu B (1. kaflinn er messuformáli), einskorðast við seinni helming pré dikunar Honoriusar d'Autun. Fyrri helmingur hennar fjallar um annað efni,

<sup>24</sup> Sjá hér fyrir neðan.

<sup>25</sup> Honorius Augustodunensis, „De Sancto Jacobo Apostolo“, *Speculum Ecclesie*, PL [Patrologiæ] Tomus CLXXII, accurante J.-P. Migne (Seu Petit-Montrouge: 1854), 981–986.

<sup>26</sup> Sjá einnig Unger, 514.

en einnig er nokkrum línum eytt í að segja frá trúboði og dauða Jakobs. Heið sama gerist í *Codex Calixtinus*, aðeins seinni hluti ræðu Honoriusar er notaður, og sýnir það vissan skyldleika milli *Codex*-handritsins og *B*-gerðarinnar. Norræna þýðingin á henni er allnákvæm, en þó má finna í henni innskot sem verður síðar vikið að.

Í Jakobs sögu *A*, og í köflum 2 og 3 í Jakobs sögu *B*, segir frá viðureign Jakobs við þá Ermogenis og Filetus, sem síðan gerast lærisveinar hans, en einnig segir frá píslarvætti því sem postulinn mátti þola. Hvor frásaga um sig, *A* og *B*, er aðeins nokkrar blaðsíður að lengd. Í 4. og síðasta kafla Jakobs sögu *B* segir frá flutningnum (*translatio*) á líki Jakobs til Spánar og samskiptum Ermogenis og Filetusar við konu þar, að nafni Lupa, sem er ekkert lamb að leika við, en lætur sér að lokum segjast og breytir höll sinni í kirkju og í henni hlýtur postulinn gröf.

Söguna af flutningnum á líki Jakobs er ekki að finna hjá Pseudo-Abdiasi og ekki heldur í Jakobs sögu *A*, en hins vegar má lesa þá sögu, eins og í *B*-gerðinni, í *Codex Calixtinus*, Priðju bók verksins, kafla I (*Codex*, 290–299). Fremst í kaflanum segir frá trúboði Jakobs á Spáni, en sú frásögn er ekki til staðar í Jakobs sögu *B*, þó að þess sé getið í innganginum að sög-unni að hann hafi stundað trúboð á Hispanialandi. *B*-gerðinni lýkur með því að sagt er stuttlega frá lífshlaupi heilags Kristófers (Kristoforos), en honum og Jakobi er helgaður sami dagurinn, 25. júlí. Er það í samræmi við *sermo* Honoriusar d'Autun.

Frásögn Pseudo-Abdiasar af lífi Jakobs postula er einnig til staðar í *Codex Calixtinus*, en mun framar í verkinu en frásögnin af líkflutningnum eða í Fyrstu bók, kafla IX (*Codex*, 94–103). Píslarsaga Jakobs og flutning-urinn á líki hans mynda því ekki eina frásagnarheild eins og gerist með Jakobs sögu *B*. Auk þess er ekki eins sterk samsvörun milli *Codex Calixtinus* og Pseudo-Abdiasar og er milli Pseudo-Abdiasar og norrænu gerðarinnar. Munurinn er einkum så að þegar kemur að því að segja frá aftöku Jakobs, og jafnframt aftöku skrifarans úr röðum farísea, Josias, sem snýst snögglega til kristinnar trúar fyrir tilstilli postulans, og deyr því með honum, bólgnar texti *Codex Calixtinus* eins og á í vorleysingum og rennur út í trúarlega mærð og skrúðmælgi. Virðist sem um sé að ræða tilraun til að hefja frásögnina í „æðra veldi“. Eftir að Josias hefur gefið Jakobi friðarkoss, biðja þeir saman fyrir aftökuna og er sú bæn býsna löng (*Codex*, 101–102). Ekki er útilokað að á einhverju stigi hafi bæninni verið skotið inn í frásögu

*Codex Calixtinus* sem annars byggist á Pseudo-Abdiasi, eins og áður var vikið að. Annað atriði í *Codex Calixtinus* víkur frá Pseudo-Abdiasi og er það aftaka Jakobs. Í síðarnefnda ritinu segir aðeins stuttlega frá henni og aftöku Josias.

atque ita perfectus in fide domini nostri Iesu christi cum apostolo eadam hora martyr effectus perrexit ad dominum: Cui est honor et gloria in sæcula sæculorum (Mombrutius, 40).

En Josias var algerr i tru drottens vars Jesu Cristi oc þegar høggy-enn með Jacobo postola, oc gerþesc saþr piningarvatn goðs, oc foru þeir bæfer a einne stundo til drottens, þess vegr er oc dyrþ of allar allder alda (Unger A, 529).

Frásögn *Codex Calixtinus* er hins vegar nokkuð frábrugðin. Þar segir að Jakob hafi varpað af sér klæðum sínum, lagst á hnén og fórnað höndum til himins. Þegar högg böðulsins reið datt höfuðið ekki á jörðina, heldur tók Jakob það með báðum höndum og hélt því á lofti liggjandi á hnijánum fram á kvöld, en þá komu lærisveinar hans til að sækja líkið. Og gerðust þá undur og stórmmerki, með öðrum orðum, teikn urðu á himni og jörðu. Hins vegar er flutningur líksins til Galicia-héraðsins afgreiddur í einni setningu og lýkur kaflanum með því að sagt er frá skelfilegum dauðdaga Heródesar sem hafði dæmt Jakob til dauða (*Codex*, 102–103). Ekkert af þessu er að finna hjá Pseudo-Abdiasi né í norrænu gerðinni.

Eins og þegar hefur verið vikið að segir frá líkferð Jakobs og grefrun hans í Þriðju bók *Codex Calixtinus*, kafla I (290–294), og svarar sú frásögn til 4. kafla í Jakobs sögu B. Frásagnirnar eru þó ekki alveg samhljóða. Umræddur kafla I hefst á nokkurs konar inngangi (*Codex*, 290–291), þar sem farið er örfáum orðum um uppstigningu Jesú Krists, trúboð Jakobs á Spáni og val hans á sjö lærisveinum, og síðan kemur stutt ágrip um píslardauða hans. Má geta sér þess til að þessum atriðum hafi verið skotið inn í frásöguna til að ná fram sterkara samhengi. En þegar innganginum lýkur verða frásögur *Codex Calixtinus* og Jakobs sögu B mjög keimlíkar. Þó má finna frávik.

Í Jakobs sögu B er þess getið að lærisveinar Jakobs hafi farið með lík hans til Joppen (Jaffa), en ekki kemur það fram í *Codex Calixtinus* fyrr en í

kafla II í Þriðju bók, þegar búið er að að segja frá Lupa, sem er eins og nafnið (vargynja) bendir til, af hinu illa. Á hinn bóginn er Jaffa ekki nefnd á nafn hjá Honoriusi. Enn kemur fram viss skyldleiki milli *Codex Calixtinus* og *B-gerðarinnar*. Í Jakobs sögu *B* sofna lærisveinar postulans, þeir Ermogenis og Filetus, um leið og þeir stíga um bord í skip og vakna ekki fyrr en þeir eru kommir til Spánar. Er sú frásögn í samræmi við *sermo Honoriusar*. Samkvæmt *Codex Calixtinus* eru þeir sjö daga á leiðinni og taka land í Hirie (Iria Flavia). Þess er ekki getið í Jakobs sögu *B* og ekki heldur hjá Honoriusi, en kemur á hinn böginn fram í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, svo að það atriði hefur verið þekkt í norrænum sögum um postulann.

en toku höfn um morgininn i vestanverðri Hyspania myklu i þeim luta rikisins, er heitir Galicia, nærrí þeirri borg, er þann tíma var kollut Fornahistria [hin forna Hirria] (*TPSJ+J*, 589: neðanmáls, 8).

Samkvæmt frásögn Jakobs sögu *B*, í 4. kaflanum, tekur Lupa afar illa málaleitan lærisveina Jakobs þess efnis að fá að taka honum gröf á landareign hennar, enda lætur hún fjötra þá báða og varpa í myrkastofu. Þeim er bjargað af engli sem leiðir þá úr myrkastofunni og leggja þeir á flóttu og koma að brú. Í *Codex Calixtinus* segir hins vegar að Lupa hafi sent þá Ermogenis og Filetus til konungs nokkurs í Dugium, en hann ákveður að láta sitja fyrir þeim á brú. Hvergi kemur fram að þeim hafi verið kastað í myrkastofu. Með guðs hjálp uppgötva þeir fyrirsátrið í tæka tíð og tekst að flyja, en brúin brotnar undan fyrirsáturmönnunum þegar þeir ætla að elta lærisveinana og farast þeir allir (*Codex*, 291–292). Hið sama gerist í Jakobs sögu *B* (Unger, 519–520). Þeir sem elta lærisveinana farast á brúnni þegar hún brotnar og verður konungurinn óttasleginn og tekur ásamt hirð sinni kristna trú. Samkvæmt frásögu *Codex Calixtinus* ferst konungurinn á brúnni. Í þessum efnum víkur frásaga *Codex*-handritsins frá Honoriusi, en Honoriusi og *B-gerðinni* ber aftur á móti saman.

Lærisveinarnir snúa sér aftur til Lupa með beiðni sína um að fá að jarða postulann á landareign hennar. Hún lætur sem hún gangist inn á það og í Jakobs sögu *B* vísar hún þeim á öxn sem hún átti og skyldi þeim beitt fyrir vagn til að aka líki postulans. Þeir eiga hins vegar, samkvæmt *Codex Calixtinus*, að nota öxnen til að grafa grófina, en þeir komast ekki strax þar sem öxnen eru á beit, því að áður en það gerist ganga þeir fram á dreka sem

þeir neyðast til að yfirbuga. Það verður þó ekki gert með sverði, eins og venjan er í slíkum frásögnum, heldur krossi. Dreka þennan er ekki að finna í Jakobs sögu *B*. Í þeirri sögu, og raunar einnig í *Codex*, er sagt frá því að öxnen hafi verið bæði ill og mannýg og ætt móti lærisveinunum. Varla eru þau komin í námunda við þá er aðið rennur af þeim og þau gerast ljúf sem lömb. Stafar það, samkvæmt Jakobs sögu *B*, af áhrifum krossmarks sem lærisveinarnir gera. Í frásögu *Codex Calixtinus* nægir nærvera lærisveinanna til að sefa skepnurnar. Enn skilur milli *Codex* og Jakobs sögu *B*, en síðar-nefnda frásagan er hér í öllum atriðum samhljóða frásögu Honoriusar d'Autun.

Pegar Lupa fréttir þessi tíðindi er þess ekki langt að bíða að hún verði meðfærileg og bljúg, enda tekur hún kristna trú. Þá er ekki annað eftir en grafa postulann og leggja grunninn að öflugri kirkju. Það gerist ekki með alveg sama hætti í Jakobs sögu *B* og *Codex Calixtinus*. Postulinn fær gröf, samkvæmt *Codex Calixtinus*, þar sem áður hafði verið hof og skurðgoð dýrkað og er hofinu breytt í kirkju. Það er hins vegar höll Lupa sem er vígð og gerð að kirkju í Jakobs sögu *B*, og er hið sama uppi á teningnum hjá Honoriusi. Síðan segir:

Pangat toku menn at fara miok þa þegar af nalægum löndum, þottuz fa fro meina þeir, er þess þurftu. Ok eigi þverr su virðing er menn leggja til hinum sæla Jacobo postola enn þangat i sinni tilsokn, af því at nu er þangat sva mikil for, sem þa er mest hafði verit, ok er sa staðr nu sva dyrlega buinn, sem þeir er bezt eru bunir i heiminum, ok verða þar avallt iartegnir með ollu moti a siukum monnum (Unger *B*, 520).

Alii aliis locis præponuntur, multa signa per eos geruntur omnesque occidentales populi per eos ad Christum convertuntur (Honorius d'Autun, 984).

Augljóst er að Jakobs sögu *B* er ætlað að koma til skila „sannri“ frásögn af helgi kirkjunnar í Santiago de Compostela, en einnig að örva pílagrímsferðir þangað. Það fer hins vegar minna fyrir því hjá Honoriusi.

Í þessum hluta *Codex Calixtinus* er ekki minnst á gildi kirkjunnar í Santiago hvað varðar kraftaverk og jarteiknir. Ekki er heldur minnst á pílagríma og þá ekki á heilagan Kristófer. Þess í stað er lýst hinni miklu sælu

sem lærisveinarnir Ermogenis og Filetus búi við á himnum í návist postulans Jakobs.

Ekki minnist Honorius á gildi Dómkirkjunnar í Santiago de Compostela. Hins vegar er að finna hjá honum í lok prédikunar hans stutta frásögn af lífi heilags Kristófers og er sama frásögn til staðar í Jakobs sögu *B*, eins og áður var getið.

Þriðja bók *Codex Calixtinus*, kafli I, byggist auðsjáanlega á prédikun Honoriusar, en víkur einnig frá henni í þó nokkrum atriðum. Annaðhvort er bætt við frásögnina úr öðrum heimildum, sem erfitt er að vita hverjar eru, eða frá eigin brjósti. Má í því sambandi nefna frásögn Þriðju bókar af drekanum sem verður á vegi þeirra Ermogenis og Filetusar, eða lýsinguna á sæluvist þessara lærisveina á himnum. En einnig er fellt niður úr frásögn Honoriusar í *Codex Calixtinus*, og er augljósasta dæmið *vita* heilags Kristófers. Miðað við það hvernig Jakobs saga *B* er sett saman sem heildstæð frásögn með upphafi, miðbiki og endi, kemur líf og píning Kristófers í lokin eins og skrattinn úr sauðarleggnum og spillir óneitanlega niðurlagi sögunnar sem sögu. Prédikun Honoriusar er á hinn bóginn ósamstæð hvað efni varðar, svo að það atriði kemur ekki að sök.

Eins og áður hefur verið nefnt hefst Jakobs saga *B* á inngangi.

I dag holldum ver messudag Jacobo postola broður Johannis (Unger *B*, 513).

Að loknum innganginum hefst þýðing á frásögn Pseudo-Abdiasar. Ástæða er til að bera saman upphafslínur textanna þriggja, Pseudo-Abdiasar, Jakobs sögu *A* og Jakobs sögu *B* (inngangurinn telst 1. kafli þeirrar sögu, eins og áður segír, og er hér undanskilinn).

Apostolus domini nostri Iesu christi Iacobus frater beati Iohannis apostoli et euangelistæ omnem Iudeæam et Samariam uisitabat. Ingrediens per synagogas secundum scripturas sanctas ostendebat omnia a prophetis prædicta: quæ in domino nostro Iesu christo essent impleta (Mombrutius, 37).

Iacobus postole drottens vars Jesu Cristz broþer Iohannis goþ-spiallamanz, hann fór oc kendi tru a øllu Gyþingalande oc Samaria, en þat er land, oc gek han á þing oc samcomor Gyþinga, oc syndi þeim af helgom ritningom oc spamanna bocom øll vitne, þau er þeir boro of drotten Jesum Cristum (Unger A, 524).

Iacobus postoli drottins vars Jesu Kristz, broðir Johannis evangeliste, for ok kendi tru a öllu Gyðingalandi ok Samaria, en þat er land, ok gekk hann a þing ok samkomur Gyðinga, ok syndi þeim af helgum ritningum ok af spamanna bokum öll vitni, er þeir baru af drottni Jesu Kristo (Unger B, 514).

Upphafið á Jakobs sögu A og upphaf 2. kafla Jakobs sögu B eru svo til eins og virðist nokkuð augljóst að yngra handritið byggist á því eldra. Þótt ekki sé unnt að sýna hér nema eitt dæmi, tel ég óhætt að fullyrða, eftir samanburð á báðum textum, að 2. og 3. kafli Jakobs sögu B byggjast alfarið á Jakobs sögu A eða á handriti sömu gerðar. Og ekki verður annað séð en að hin norræna þýðing á Jakobs sögu Pseudo-Abdiasar (*Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei*) sé vel gerð og nákvæm.

Í framhaldi af þessum upphafsorðum sögu Jakobs segir í öllum textunum fjórum (Pseudo-Abdiasi, Jakobs sögu A og B og *Codex Calixtinus*) frá viðureign hans við þá Ermogenis og Filetus, en sá fyrrnefndi, sem þekktur er fyrir fjölkynngi, sendir þann síðarnefnda, sem er í námi hjá honum, á fund Jakobs. Ætlunin er að efna til þrætu við hann og sýna fram á að hann hafi rangt fyrir sér varðandi son guðs. Jesú Kristur hafi hreint ekki verið sonur hans. Það vefst ekki fyrir postulanum að sýna fram á hið gagnstæða. Og ekki aðeins það, hann sýnir vald sitt yfir djöflum sem Ermogenis sigar á hann, gerir einnig kraftaverk fyrir augliti Filetusar og sannfærir að lokum Ermogenis um ágæti kristinnar trúar. Hinn fjölkunnugi Ermogenis snýst til hennar, það gera einnig Filetus og margir aðrir. Snúa frá villu Gyðingatrúarinnar. Seinna (samkvæmt Honoriusi d'Autun, Jakobs sögu B og *Codex Calixtinus*) fara þeir Ermogenis og Filetus með lík Jakobs til Spánar og gerast fyrstu biskupar þess lands. Hins vegar er ekki minnst á þá ferð í Pseudo-Abdiasi og A-gerð Jakobs sögu.

En Gyðingar hafa í hyggju að ná sér niðri á Jakobi fyrir að hafa fengið Ermogenis til fylgis við sig og trú sína, og bera þeir fé á two hundraðshöfði-

ingja í Jerúsalem sem koma því til leiðar að Jakob er tekinn höndum og upphefst þá aftur þræta um efni trúarlegs eðlis þar sem Jakob fer með sigur af hólmi. Sá sigur verður til þess að biskup Gyðinga, Abiathar, fyllist öfund og fær háttsettan Gyðing til að taka Jakob fastan og fara með hann á fund Heródesar sem dæmir hann til dauða. Skrifari farísea, Josias, sem leiðir postulann til höggs, snýr frá villu trúar sinnar og gengur kristni á hönd. Er hann deyddur með Jakobi eins og fyrr var getið. Þessa frásögn er að finna í textunum fjórum, Pseudo-Abdiasi, Jakobs sögu *A* og *B* og *Codex Calixtinus*.

Í frásögn Pseudo-Abdiasar af Jakobi postula er auðvitað lögð megináhersla á postulann sjálfan og á hæfileika hans og vald til að lækna krankleika af líkamlegum eða andlegum toga. Einnig kemur fram að hann hafi þjónað trú sinni alveg fram í dauðann. Hins vegar kemur hvergi fram hvað varð um lík hans.

En frá því atriði er greint í Jakobs sögu *B*, eins og áður getur, og svipar frásögninni af líkferðinni til frásagnar *Codex Calixtinus* um sama efni, enda byggjast báðar á *sermo Honoriusar d'Autun*. Sagan sú og af frúnni Lupa verður til þess að áherslan færist örlítið frá yfirnáttúrlegum hæfileikum postulans og píslarvætti hans yfir á legstað hans í Galicia-héraðinu á Spáni. Sagan af líkferðinni og samskiptum lærisveina Jakobs við Lupa er seinni tíma viðbót og má í því sambandi nefna að Honorius er talinn hafa verið uppi um 1075 til 1156 (þó frásögnin í *sermo* hans um postulann Jakob sé talin eldri). Því er engan veginn út í hött að ætla að hér renni saman tvær helgisagnir sem upphaflega voru aðskildar (sjá bls. 238). Pseudo-Abdias og þar með Jakobs saga *A* eru fulltrúar sagna sem byggjast á fáeinum atriðum úr *vita* og *passio* postulans, trúboði hans og dauða. Jakobs saga *B*, ásamt *Codex Calixtinus*, eru fulltrúar sömu sagna, að því viðbættu að í þeim er réttlætt hvernig á því stóð að lík hans barst til Spánar, og í því efni stuðst við seinni helming prédikunar Honoriusar d'Autun. Einnig er réttlætt í Jakobs sögu *B* hvers vegna pilgrímsferðir til Santiago de Compostela séu mikilvægur þáttur í lífi kristinna manna, en það atriði byggist hins vegar ekki á Honoriusi.

Frásaga Pseudo-Abdiasar af *Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei* liggr til grundvallar þeim textum sem hér eru til umfjöllunar. Allnokkur munur er á frásögu hans og frásögninni í *Codex Calixtinus* um sama efni. Norræna þýðingin fylgir á hinn bóginn Pseudo-Abdiasi nákvæmlega þótt

unnt sé að finna minni háttar frávik. Jakobs saga *B* byggist á Jakobs sögu *A*, hvað 2. og 3. kafla snertir, þótt fyrir komi að tilraun sé gerð til að færa mál-far og orðskipan til nútímalegra horfs, en 4. kaflinn hins vegar á Honoriusi d'Autun, eins og áður var getið. Sú þýðing er ekki eins nákvæm og þýð-tingin á texta Pseudo-Abdiasar, engu að síður er hún vel unnin.<sup>27</sup>

## 2.

Mun lengra er gengið í endurskópun sögunnar af Jakobi í *Tveggja postola sögu Jons og Jakobs* sem er að finna í *Skarðsbók* postulasagna og álitin vera frá 14. öld. Hér á eftir (bls. 253–259) er lýst hvernig frásögnin í Jakobs sögu *A* og *B*, með öðrum orðum frásögn Pseudo-Abdiasar og Honoriusar d'Autun, er brædd saman við annan texta, án þess þó að breytast mikið hvað innihald varðar. Frásagnar- og þýðingaraðferðin er lítillega skoðuð, þótt ólíklegt sé að megi skrifa á reikning þýðandans allar þær breytingar sem fram koma. Þá er reynt að svara þeirri spurningu hvort um nýja þýðingu á sögu Jakobs sé að ræða eða endurgerð á eldri textum. Stuðst er við útgáfu Ungers (Unger *TPSJ+J*, 536–711) og eingöngu horft til sögu Jakobs, en saga Jóns látin liggja milli hluta. Sú saga mun vera „based on the Pseudo-Mellitus Passio Sancti Iohannis, but the life of St. James appears in the main to be a reworking of the older life in Icelandic elsewhere found independently“.<sup>28</sup> Erfitt er að vera sammála Peter G. Foote hvað þetta síðasta atriði snertir eins og síðar verður vikið að.

Eins og fram kemur hjá Peter G. Foote er *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* samsteypa úr tveimur verkum. Ekki virðist sérstök tilraun gerð til að fléttu verkin saman, samskeytti þeirra sjást mjög greinilega. Að líkindum er hér verið að blása lífi í gamlar glæður, það er að segja, í fornar bækur eða frásagnir. Nútínamenn telja sig þekkja þörfina fyrir að endurnýja gamlar þýðingar, annars lifi hið þýdda verk ekki áfram. En þrátt fyrir að sögurnar tvær af þeim Jóni og Jakobi (önnur byggð á Pseudo-Mellitusi<sup>29</sup> og hin á

<sup>27</sup> Sjá einnig Philip G. Roughton, *AM 645 4to and AM 652/630 4to: Study and Translation of Two Thirteenth-Century Icelandic Collections of Apostles' and Saints' Lives* (University of Colorado, útgefin doktorsritgerð, 2002), 266–267.

<sup>28</sup> Peter G. Foote, „The Pseudo-Turpin Chronicle in Iceland,“ *London Medieval Studies* 4 (London: University College London, 1959), 9.

<sup>29</sup> Mellitus mun vera Miletus sá sem getið er um í *Prologus* að *TPSJ+J*, Unger, 536. Sjá einnig formála Ungers bls. XXIV, ásamt latneska textanum.

Pseudo-Abdiasi) séu bútaðar niður og látnar skarast, kallast þær merkilega lítið á. Postulanum Jakobi og Jóni er haldið vandlega aðskildum.

Jafnvel þótt frásögnin um Jakob í *TPSJ+J* byggist að allmiklu leyti á texta Pseudo-Abdiasar, koma fleiri textar við sögu, sem eiga sér samsvörun í *Codex Calixtinus*, og er því full ástæða til að skoða eilítið nánar hvernig þessi frásögn er sett saman.

Tölувvert er liðið á *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* þegar sagan af þeim síðarnefnda hefst<sup>30</sup> og byrjar hún á inngangi um postulann, þar sem skýrt er frá trúboði hans á Spáni er ekki hafi gengið sem skyldi og meðal annars af þeirri ástæðu hafi hann snúið aftur til Jórsala. Síðan tekur við þýðing á texta Pseudo-Abdiasar, en farið er nokkuð frjálslega með hann (kaflar 21–27). Þá er vert að muna að frásögn þessa er einnig að finna í *Codex Calixtinus*. Þegar kemur að þeim hluta sögunnar þar sem Jakob sigrar Gyðinga í seinni rökræðu sinni um trúmál og skýrt hefur verið frá spádomsanda nokkurra spámanna Biblíunnar, er skorið á frásögnina í *TPSJ+J* og við taka kaflar sem bera heitin *Af Gaio capitulum* (kafla 28), *Feck Klaudius valld yfir Gyðinghum* (kafla 29) og *Jacobus dubbadr til riddara af gudi* (kafla 30). Efni þessara kafla er ekki að finna í Pseudo-Abdiasi né heldur í Jakobs sögu A eða B, og er það tengt frásögninni af postulanum Jóni. En í næsta kafla á eftir (31) segir frá dauða Jakobs, frá líkferð hans og að lokum frá viðskiptum Ermogenis og Filetusar við frúna Lupa og samsvarar sá hluti *sermo Honoriusr d'Autun* (kaflar 32, 33 og 34). Það er því ekki oft skorið á söguna af Jakobi í *TPSJ+J* og má því segja að hún sé tiltölulega heil.

Síðan segir ekki meira af postulanum nema rétt í framhjáhlaupi fyrr en fimmtíu köflum síðar, nánar tiltekið í kafla 83. Þá er snúið að efni sem einnig er til staðar í *Codex Calixtinus*, það er efnið um keisarann Karlamagnús og erkibiskup hans, Turpin, og erkióvin hans, Agulando konung. Í þessari grein verður Turpins-króniku og þýðingu hluta hennar á norrænu ekki gerð skil, þótt hún tilheyri því efni sem hér er reifað.<sup>31</sup> *Sagan af Agulando konungi* tengist Karlamagnús sögu, en í þeirri frásögn eigast þeir við Agulando og Karlamagnús og er hún annars eðlis og frábrugðin þeirri örstuttu frásögn sem er að finna í *TPSJ+J* um það efni. Hins vegar mun ég

<sup>30</sup> *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* hefst á bls. 539 í útg. Ungers, en ekki er farið að segja frá Jakobi fyrr en á bls. 570.

<sup>31</sup> Um krónikuna verður fjallað sérstaklega í annarri grein sem ég er með í smíðum og verður þá einnig tekin til umfjöllunar frásagan af Karlamagnúsi og Agulando sem er að finna í *TPSJ+J*.

í síðari hluta greinarinnar beina sjónum að því er segir frá Jakobi í lok *TPSJ+J*, en það eru kraftaverk hans (kaflar 95–119, Unger, 680–707).

Sagan af Jakobi í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* veitir allgóða sýn yfir þær sagnir sem virðast hafa verið í umferð um síðarnefnda postulann á miðöldum. Þær sögur er einnig að finna í *Codex Calixtinus*, en það eru: 1) Jakobs saga postula er byggist á frásögn Pseudo-Abdiasar, nema þátturinn um líkferðina og frúna Lupa er byggist á annarri frásögn sem finna má í seinni helming prédikunar Honoriusar d'Autun. 2) Frásaga af Karlamagnúsi, sem að eggjan postulans fer í strið gegn heiðingjum á Spáni, og hefur sú saga verið nefnd Pseudo-Turpin eða Turpinskrónika, eins og áður er komið fram. 3) Sögur af kraftaverkum þeim sem gerðust fyrir tilstuðlun Jakobs eftir dauða hans og eru þær settar fram í sérstakri bók, Jarteiknabók.

Áður en ég sný mér að kraftaverkunum sýnist mér nauðsynlegt að fara fáeinum orðum um þýðinguna á Jakobs sögu postula eins og hún liggur fyrir í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*. Í því sambandi er vert að benda á að ógerlegt er að greina á milli þýðanda rits, ritstjóra þess eða afritara. Á miðöldum var rit þýtt, en hin upprunalega þýðing glataðist í nær öllum tilvikum og verður því að styðjast við afrit af henni. Og eðlilega vaknar þá sú spurning hve miklu þýðandinn leyfði sér að breyta? Eða þá afritararnir sem tóku við hver af öðrum? Þegar svo ritstjóri safnaði verkum saman í því augnamiði að gera úr þeim stórt safnrit, hversu langt gekk hann í að breyta eða láta breyta? Hver og einn gegndi sínu hlutverki, og allir höfðu þeir að leiðarljósi að betrumbaða ritið, þætti þeim ástæða til, en því er nú verr að ekki er unnt að sjá eða greina hver þeirra bar ábyrgð á hverju varðandi hinar ýmsu breytingar sem ritið varð fyrir. Þó er til forritið að *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, AM 239 fol., en Ólafur Halldórsson telur að það sé aðeins fáum árum eldra en *Skarðsbók*.<sup>32</sup>

Óneitanlega er athyglisvert að inn í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* er skotíð stöku setningum á latínu sem eru síðan þýddar. Við nánari athugun kemur í ljós að setningarnar eru tilvitnanir úr Biblíunni. Einnig kemur í ljós að tilvitnanirnar eru allar fyrir hendi í texta Pseudo-Abdiasar og því að líkindum ættaðar þaðan. En þetta atriði vekur engu að síður spurningar. Er

<sup>32</sup> Ólafur Halldórsson, *Sögur úr Skarðsbók*, 27. Unger tekur mið af þessu handriti neðanmáls í útgáfu sinni á sögunni og kallar það A2. Unger, XII.

sagan af postulunum Jakobi í *TPSJ+J* ný, sjálfstæð þýðing unnin eftir latneskum texta? Eða skyldi ritstjóri eða afritari hafa haft norræna þýðingu undir höndum við gerð þessa hluta sögunnar, og gert sér það ómak að fletta upp í Bíblíunni til að finna tilvitnanir á latínu? Ég tel það síðarnefnda hæpið, því að saga Jakobs í *TPSJ+J* byggist á Pseudo-Abdiasi. Texti Pseudo-Abdiasar liggar sögunni til grundvallar, þrátt fyrir margskonar frávik. Því virðist sem um nýja þýðingu sé að ræða sem ekki byggist á eldri þýðingum eins og Peter G. Foote gerði ráð fyrir (sjá bls. 253). Verða nú skoðaðir tveir samsvarandi hlutar í Tveggja postula sögunni og í Pseudo-Abdiasi.

Ecce veniet redemptor tuus, Jerusalem, et hoc eius signum erit, cecorum oculos aperiet, surdis reddet auditum et voce sua excitabit mortuos. Þetta þyðiz sva: See þu, Jerusalem, koma mun lausnari þinn, ok mun hafa þat mark ok vitnisburð, at augu blindra mun hann uppluka, heyrn mun hann daufum aptr giallda, ok dauða menn með sinni rauddu uppreisa (Unger *TPSJ+J*, 579).

Ecce ueniet redemptor tuus hierusalem: et hoc eius erit signum: Cæcorum oculos aperiet. surdis reddet auditum: et uoce sua excitabit mortuos (Mombritius, 38).

Augljóst er að textarnir tveir eru samhljóða hvað latínuna varðar. En þá er að athuga hvernig háttað er þýðingu sömu tilvitnunar í Jakobs sögu *A* og Jakobs sögu *B*.

Heyrþo Jerusalem, qvað Jeremias, coma mun lausnare þinn, oc mon þat vera tacn hans, at hann mon upluca augo blindra oc gefa hey(r)n daufom oc qvekva daupa til lifs með orþi sino (Unger *A*, 527).

Heyrit Hierusalem, kvað Hieremias, koma mun lausnari þinn, ok mun þat vera takn hans, at hann mun upp luka augu blindra ok gefa heyrn daufum, en lif dauðum með orði sinu (Unger *B*, 517).

Pessar tvær seinstu tilvitnanir eru svotil samhljóða og líklegt að yngri textinn (*B*) byggist á þeim eldri (*A*). En það er allt annar bragur á orðfæri og stil í tilvitnuninni úr *TPSJ+J*, þótt merkingin sé sú sama, en það bendir fremur til nýrrar þýðingar en endurgerðar á eldri handritum.

Því fer samt fjarri að *TPSJ+J* sé traustari þýðing en Jakobs saga A eða B, þó svo að þýðandinn flíki setningum á latínu og sýni um leið hæfileika sína við að þýða. Hann hættir líka fljótlega að vitna í Pseudo-Abdias, byrjar setningarnar á latínu, en setur síðan *et cet.* (og svo framvegis) og þýðir síðan í framhaldi af því.

Af upprisu dauðra manna i guðs tilkvamu talar Ysayas: *surgent mortui et cet.* Upp munu risa dauðir menn, þeir sem i grofum ero, þviat guð allzvalldandi sitr þa i dómsæti neyndi miklu valldi, gialldandi serhverium eptir sinum verðleikum (Unger *TPSJ+J*, 581).

Sé litið til frásagnar Pseudo-Abdiasar, hvað klausu þessa varðar, kemur í ljós að þýðandinn virðist ekki telja sig þurfa að fylgja frumtextanum út í æsar, enda styttir hann frásögnina til muna (nema um afglöp afritara sé að ræða). Setningarnar innan hornklofa hér á eftir er ekki að finna í *TPSJ+J*.

[*Hæc omnia in domino nostro Iesu christo impleta: quæ transacta sunt: et quæ nondum facta sunt implebuntur ita: sicut prophetata sunt.*] Ait enim Isaias: *Surgent mortui: et resurgent omnes: qui in monumentis sunt [si interroges: quid erit cum resurexerit. Dicit Dauid audisse se deum loquentem: quidnam: ut probetis ita esse audite quid dicat: Semel locutus est deus duo hæc audiui:]* quia potestas dei est: et tibi domine misericordia: quia tu reddes singulis secundum opera eorum (Mombritius, 39).

Sama frásögn hljóðar svo í Jakobs sögu A og er frásögn B svotil sam-hljóða:

En þa es þesser hluter aller ero fylder oc framcomner i drotne vorom Jesum Cristum, þeir es líþner ero, oc muno fyllasc þeir er enn ero eigi framcomner, sva sem Isaias melte: Up muno risa dauþer oc vacna þeir es i grovom ero. En ef ér vilit vita, hvat þa mon verþa, es dauþer menn risa up, þa hlyþet ér en(n), qvæþ Jacobus, þvi, er David lezc heyr hafa af goþe, þessa tvenna hluti: Goþ hever velde, drottenn, oc miscunna þu, þviat þu munt gialda hveriom sem einom eftir vercom sinom (Unger A, 527 og Unger B, 517).

Á þessum stað í Jakobs sögu A (og einnig B) er þýðingin mun nákvæmari en sú sem er að finna í *TPSJ+J*, og er svo viðast hvar.

Hvað snertir innskotssetningarnar á latínu í *TPSJ+J* er enda á *et cet.*, virðist gert ráð fyrir að þeir sem lesi söguna eða hlýði á lestur hennar hafi ekki aðeins til að bera einhverja þekkingu á latínu, heldur sé einnig kunnugt um hvernig framhald setningarinnar er. Er því nokkuð augljóst að *TPSJ+J* hefur verið þýdd og „endursamin“ sérstaklega með klaustur eða klérklærða menn í huga.

En það er á fleiri sviðum sem *TPSJ+J* víkur frá Pseudo-Abdiasi, því að ósjaldan er gripið til skrúðmælgi og hefur þá frásögnin tilhneigingu til að belgjast út og verður tónninn jafnvel annar en í Pseudo-Abdiasi. Má nefna eftirfarandi sem dæmi.

Venientia autem dæmonia ubi Iacobus orabat: ululatum in aera  
habere coeperunt dicentia: (Mombritius, 37).

Í Jakobs sögu A hljómar það svo, og er Jakobs saga B þar samhljóða:

En dioflarnir como þar es Jacobus var a bōnum oc toco at ýla i lofti  
os melto (Unger A, 524–525 og Unger B, 515).

Öðruvísi er farið með þessa setningu í *TPSJ+J* og fær hugarflugið byr undir báða vængi.

Nu sem uhreinir andar hafa heyrt sitt örendi, fara þeir með skiotri  
raas i nalægð við þann stað, sem blezaðr Jacobus postoli er fyrir a  
bæn sinni. En þat er þeim var boðit, at binda postolann, tekr þeim  
eigi greiðliga, þviat engill guðs af himnum tilkomandi talmar þeira  
ferð i loptinu, setiandi alla i gloandi rekendr, sva at þeir mattu sik  
hvergi ræra. Taka þeir nu at æpa ok yla með ogurligri röddu, þviat  
þeir brenna heitt ok makliga fyrir sina dirfð ok ofstopa. En meðr  
þvi at þeir skilia, hvaðan af þeim leiðir þenna bruna, kalla þeir hatt i  
loptinu aa Jacobum postola ok segia sva (Unger *TPSJ+J*, 574).

Frásagan þenst ekki aðeins út, heldur er svo að sjá sem þýðandanum finnist  
hann þurfa að gera hana fyllri, útskýra og færa til betri vegar. Einnig lítur

út fyrir að hann telji sig þurfa að styrkja innviði frásögunnar og er eftirfarandi skýring líklega runnin undan hans rifum, því að hana er hvergi annars staðar að finna í þeim textum sem hér er fyllað um.

Þilikar spasögur ok margar aðrar runnu fyrir tilkvamu drottins. Þessu næst er skrifanda, hvat Jacobus berr fram af þeim forspam, er gengu fyrir pining hans, upprisu ok uppstigning ok annarri tilkvamu, at blezaðr postoli guðs hlifi alla þa luti meðr djupri vizku (Unger TPSJ+J, 580).

Eins og fram er komið er þeim hluta *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* sem fjallar um síðarnefnda postulann ekki alltaf treystandi. Svo virðist sem þyðandinn (og/eða ritstjórin) telji að hann hafi frjálsar hendur við að bræða saman texta, stytta þá eða lengja eftir þörfum og laga efnið að ætlun sinni. Hvað eftir annað er lopinn teygður svo um munar og á það ekki síst við kafla 22 sem fjallar um galdrameistarann Ermogenis og Filetus, lærisvein hans. Einnig á það við um kafla 34, svo annað dæmi sé nefnt, en sá kafli fjallar um samskipti Ermogenis og Filetusar við frúna Lupa. Í báðum tilvikum er verið að spila á tilfinningar lesandans með hjálp málskrúðsins og fá hann til að hneykslast. Saga Jakobs, eins og hún liggur fyrir í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* ber ýmis merki „áróðurs“ sem miðar að því að koma lesanda eða hlustanda í tilfinningalegt uppnám. Hvergi örlar á slíku hjá Pseudo-Abdiasi eða í Jakobs sögu A eða B og þá ekki hjá Honoriusi d'Autun. Ég tel að sá hluti TPSJ+J sem byggist á *sermo* hans sé ný þýðing eins og hlutinn sem þýddur er eftir texta Pseudo-Abdiasar. Þegar hefur komið fram (245) að þýðanda var kunnugt um uppruna Jakobs sögu B (*Speculum Ecclesiae*), en vafalítið hafði hann aðgang að því riti.

### III. Jarteiknir

Önnur bók handritsins *Codex Calixtinus* hefur að geyma, eins og áður sagði, tuttugu og tvö kraftaverk sem eignuð eru Jakobi postula. Jarteiknabókin í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* samsvarar þeim og eru kraftaverkin samtals tuttugu og fimm, auk formála sem Calixtus páfi á að hafa samið (sjá bls. 239). Jarteiknabók TPSJ+J lýkur með tveimur eftirmálum og ber sá

fyrri titilinn „De Calixto papa capitulum“ (Unger, 703); er hann lagður í munn ritstjóranum. Hið sama gildir um seinni eftirmálann, „Fines<sup>33</sup> miraculorum“ (Unger, 707). Í þessum seinni eftirmála kemur fram hvers lesandinn (eða hlustandinn) á að hafa orðið vísari eftir lesturinn á jarteiknabókinni. Og ekki aðeins á henni, heldur frásögunni allri af postulanum. Lesandanum á að vera orðið ljóst að sigrar postulans byggjast á „riddarskap“ hans og að hann hafi ekki aðeins sigrað á jörðu niðri, heldur og „þat ríki, er stendr fyrir ofan himnana“. Svo á postulinn að hafa „undir sik lagt Galiciam ok alla Hyspaniam“. Og síðan er bætt við:

þar meðr þionar honum aull vestrhafan flockum farandi, kriupandi ok bidiandi, iafnan boðandi maðr manni, at Jacobus postoli Jo-hannis broþir er hinn milldazti maðr i aaheitum, astuðigr sinum pilagrimum... (Unger *TPSJ+J*, 707).

Með öðrum orðum, Jakob postuli er sigursæll bardagamaður jafnt á himni sem á jörðu (Márabani). Á hann er gott að heita og enn betra að gerast pílagrímur hans. Lesandinn þarf hreint ekki að velkjast í vafa um ágæti postulans og helgi grafar hans í Santiago de Compostela.

Kraftaverkin tuttugu og tvö sem frá er sagt í Annarri bók *Codex Calixtinus* er öll að finna í *TPSJ+J* að þremur undanskildum. Er um að ræða kafla IX, XII og XXI. Aðeins eitt þeirra kraftaverka sem frá er sagt í *TPSJ+J* er ekki fyrir hendi í *Codex Calixtinus*. Er um að ræða ellefta kraftaverkið, og er það að finna í 106. kafla (Unger, 693).

Röð kraftaverkanna er framan af svotil eins í hvoru verki fyrir sig, *TPSJ+J* og *Codex Calixtinus*. Að vísu kemur III. kafla *Codex* – og þar með þriðja kraftaverkið – ekki fram fyrr en í 109. kafla *TPSJ+J* (Unger, 689), en sá kafla inniheldur fjörtanda kraftaverkið í því riti. Það ríkir því ekki alger töluleg speglun milli kraftaverkanna. Til dæmis svarar sjöunda kraftaverkið í *TPSJ+J* (Unger, 689) til VIII. kafla og kraftaverks í *Codex Cakistinus* (270). En milli XV. kafla og þess XVIII. (*Codex*, 275–282) brenglast röðin alvarlega, það er að segja, ef gengið er útfrá *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*.

<sup>33</sup> Þannig skrifð.

Eitt: *TPSJ+J*

*TPSJ+J*: 13. kraftaverk (Unger, 695, k. 108)  
 - - - : 14. - - - - (Unger, 695, k. 109)  
 - - - : 15. - - - - (Unger, 696, k. 110)  
 - - - : 16. - - - - (Unger, 698, k. 111)  
 - - - : 17. - - - - (Unger, 699, k. 112)

Tvö: Önnur bók *Codex*

*Codex*: XV. k. (275), 15. kraftaverk  
 - - - : III. k. (263), 3. - - - -  
 - - - : XVI. k. (276), 16. - - - -  
 - - - : XXII. k. (286), 22. - - - -  
 - - - : Fimmta bók *Codex* (400)<sup>34</sup>

Átjánda, nítjánda og tuttugasta kraftaverkið í norrænu þýðingunni (Unger, 699–702, kaflar 113, 114 og 115) svara efnislega og tölulega til kraftaverkanna í *Codex Calixtinus*. En þegar kemur að tuttugasta og fyrsta kraftaverki í *TPSJ+J* verður aftur breyting á. Þess ber þó að gæta að í Tveggja postula sögunni er gefið til kynna að eðli og forsendur kraftaverkanna muni breystast. Það kemur fram í fyrirsögn kafla 116: „Verdr madr braddaudr fyrir helgibrot vid Jacobum.“<sup>35</sup>

Í kafla 116 og 117 (Unger, 702–703) er því aðeins sagt frá „neikvæðum kraftaverkum“ og hefur kafli 116 að geyma eitt slíkt kraftaverk, en kafli 117 fjögur. Með öðrum orðum, þeir sem verða uppvísir að því að gera á hlut postulans Jakobs hljóta verðskuldaða refsingu. Raunar er alltaf um sama brotið að ræða þótt refsingarnar séu mismunandi. Fólk vanvirðir hátiðisdag postulans með því að vinna þann dag.

Sagt er frá helgibrotunum á annan hátt en „jákvæðu kraftaverkunum“. Frásögurnar af þeim síðarnefndu eru rækilegri og líflegri og nostrað er við ýmis smáatriði. Frá helgibrotunum er hins vegar sagt eins og um væri að ræða upptalningu eða skýrslugerð og lítið sem ekkert gert til að gæða þær frásögur lífi.

Eins og ofar segir, hafa kaflar 116 og 117 í *TPSJ+J* að geyma frásagnir af fimm helgibrotum og eru þau hluti af jarteiknabókinni. Þessi sömu helgibrot eru hins vegar ekki hluti af Jarteiknabók *Codex Calixtinus* sem er Önnur bók verksins, þau er öll að finna í Fyrstu bókinni, kafla II (20–21), og eru aðeins lítill hluti kaflans sem er mjög langur. Þau eru því látin standa utan við Jarteiknabók *Codex Calixtinus* eins og kraftaverkið sem frá er sagt

34 Þetta kraftaverk er ekki að finna í Jarteiknabók *Codex Calixtinus*, í Annarri bók verksins, heldur er sagt frá því í Fimmtu bók þess. Kraftaverkið er hins vegar hluti af Jarteiknabók *TPSJ+J*.

35 Hér bregður fyrir stafsetningu sem ekki er í samræmi við þá stafsetningu sem annars er notuð í *TPSJ+J*.

í Fimmtu bók. Það skýrir að nokkru leyti hvers vegna kraftaverkin í *Codex sýnast í fljótu bragði vera færri en í TPSJ+J.*

Kafli 118 í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* sem ber yfirschriftina „De Calixto papa capitulum“ (Unger, 703) getur ekki beinlínis talist kraftaverk, fremur er um að ræða sögu sem er fyrst og fremst til þess fallin að draga lærðom af, líkt og kemur fram í niðurlagi hennar. Frásögn þessi er ekki til staðar í *Codex Calixtinus* og tilheyrir efnislega þeim hluta *TPSJ+J* sem fjallar um postulann Jón.

Sagt er frá seinasta kraftaverkinu í *TPSJ+J* í kafla 119 (Unger, 704; sama kraftaverkið er að finna í XVII. kafla Jarteiknabókar *Codex Calixtinus*). Ungur maður í borginni Lyon var vanur að fara á ári hverju „at sækia heim hinn signaða Jacobum“. Heldur hann sig „reinan af kvenna návist“ uns fjandinn nær tökum á honum og „saurgast“ hann nótta eina áður en hann leggur af stað í hina árlegu pílagrímsferð. Eftir það leikur fjandinn sér að honum eins og köttur að mús, birtist honum í draumi í líki postulans Jakobs og fær hann til að sníða af sér getnaðarliminn. Það leiðir manninn eðlilega til dauða. En þegar á að fara að greftra hann, ris hann upp frá dauðum og skýrir viðstöddum frá að María guðsmóðir hafi bjargað sér úr klóm djöfla með hjálþ postulans Jakobs.

Var þessi saga mikils virð af hinum vitruztum monnum, þvíat hun hefir rettan skilning ok liosan vegh sinna greina, hversu fiandinn er flærða ríkr ok prettottr, eðr hversu heilagir menn (eru) haleitir ok blezaðir i sinni einarð (Unger, 707).

Þar með lýkur sögunum í *TPSJ+J* af jarteiknum signaðs Jakobs og má segja að í þeirri seinustu kristallist efni frásagnanna. Hið illa andspænis hinu góða og takast þessi tvö öfl á um mannlegan breyskleika.

Seinasta kraftaverkið sem frá er sagt í Jarteiknabók *Codex Calixtinus* er af mun háleitari toga. Það er að finna í kafla XXII (286) og svarar til sextánda kraftaverksins í *TPSJ+J* (Unger, 698, kafli 111). Þar segir af manni frá Barcelona sem fer í pílagrímsför til Dómkirkjunnar í Santiago de Compostela. Biður hann postulann um að frelsa sig úr höndum óvina sinna, fari svo illa að þeir nái honum á sitt vald. Það gerist einmitt og þrettán sinnum er hann seldur í þrælkun. Og í þrettánda skiptið ákallað hann postulann Jakob sem birtist honum og lætur hann vita að allt hið illa sem

fyrir hann hafi komið stafi af því að í Dómkirkjunni í Santiago hafi hann aðeins beðið um líkamlegt frelsi sér til handa, en vanrækt að biðja um að sál hans yrði hólpin. Seinasta kraftaverkið í *Codex Calixtinus* minnir á mikilvægi sálarinnar og hins eilifa lífs. Jarteiknabækurnar tvær enda því ekki alveg á sömu nótum. Við það má svo bæta að þessi seinasta jarteiknasaga í *Codex Calixtinus* er skyrð út í æsar og grípur sögumaður inn í frásögnina með „sinni rödd“ og telur upp allar þær dyggðir sem prýða verði sálina til að hún megi verða hólpin. Enga slíka skýringu er að finna í norrænu þyðinguðunni. Henni lýkur svo:

Ok þennamann sa ek hallda aa fiotrinum, segir sa er skrifat hefir sauguna (Unger, 699).

Sá sem hana hefur skrifað er Calixtus. Samkvæmt *Codex* kveðst Calixtus hafa sjálfur hitt þennan mann milli Estella (Stella) og Logroño (Grugnum) (maðurinn var á leið til Santiago de Compostela) og hafi hann sagt sér frá því sem á daga hans hafði drifið.<sup>36</sup>

Ekki verður annað séð en að norræna þyðingin á jarteiknasögunum sé allnákvæm, ef tekið er mið af jarteiknasögum *Codex Calixtinus*. Að minnsta kosti er auðsætt að hún byggist á svipuðum texta og latneski textinn. Þó kemur fyrir að efast megi um hvort um eiginlega þyðingu á sama texta sé að ræða, þó að frásögnin sé í stórum dráttum sú sama í báðum tilvikum. Sem dæmi má nefna kafla V í Jarteiknabók *Codex Calixtinus* (267) og samsvarandi kafla í *TPSJ+J* (Unger, 686, kafla 99, fjórða kraftaverk). Setningarnar í þessum tveimur köflum eru ekki samhljóða þótt verið sé að segja frá nákvæmlega sömu atburðunum. Tveir feðgar í Þýskalandi leggja af stað í ferð til grafar postulans Jakobs. Þegar þeir koma til frönsku borgarinnar Toulouse gista þeir hjá ríkum manni sem kemur silfurstaupi fyrir í farangri þeirra, samkvæmt *Codex Calixtinus*. En í *TPSJ+J* er hins vegar talað um tvo silfurbolla. Feðgarnir eru síðan ákærðir fyrir stuld, sonurinn hengdur í gálgá og faðirinn heldur för sinni áfram til Santiago de Compostela hrygg-

<sup>36</sup> Kraftaverkin í *Codex Calixtinus* eru samtals 22, en ef við þau væri bætt helgibrotunum 5 sem er að finna framar í ritinu, og kraftaverkinu í Fimmtu bók, er standa öll utan við hima eiginlegu Jarteiknabók, yrðu kraftaverkin alls 28. Jarteiknabók *TPSJ+J* hefur að geyma 19 kraftaverk af þeim sem er að finna í Jarteiknabók *Codex Calixtinus*, helgibrotin 5 og kraftaverkið í Fimmtu bók *Codex*. Samtals gerir þetta 25 kraftaverk.

ur í bragði. Um það bil mánuði síðar kemur hann til baka og gengur fram-hjá gálganum þar sem sonur hans hangir enn. Sonurinn kallar þá til föður síns. Postulinn Jakob hafði haldið undir hann allan þennan tíma til að snaran hertist ekki að hálsi hans og gætt hann „himneskum sætleika“. Samkvæmt frásögn *Codex Calixtinus* tekur við dómstóll götunnar og hengir ríka manniinn, en í *TPSJ+J* dæmir dómarinn, sem upphaflega hafði farið með málíð, ríka bónðann til dauða. Frásögn *Codex Calixtinus* lýkur á því að minnt er á að þeir sem telji sig kristna skuli halda sig frá að prettanáungann, vilji þeir komast í dýrð drottins. En í *TPSJ+J* segir:

Pilik ero verk drottins fyrir ast ok elsku vina sinna, at saklauss lifi með fagnaði, en sakadur bondi hangi haðuliga með skömm ok eilífu brigzli... hvat er allt geriz i guðs lofi ok haleitu rettlæti (Unger, 687).

Dreginn er sitthvor lærðómurinn af sömu sögunni í þessum tveimur ritum. Frásaga norrænu þýðingarinnar (og á ég þá við frásagnarlist hennar) tekur að ýmsu leyti fram þeirri sem *Codex Calixtinus* býður upp á í þessum kafla. Frásagan í *Codex* er lausari í reipunum og svo er hún tilfinningahlaðin. Með öðrum orðum, ber keim af „áróðri“. Einnig eru ofskýringar alláberandi.

Ok einn ríkr maðr tekr þa i sitt hus ok gorir vel við þa meirr i klokskap ok yfirbragði en saunnum goðvilia, þviat hann gefr þeim um kveldit vin at drecka, sva at þeir falla sofnir niðr þegar, en voro aðr vegmoðir. Þessa neytir bondi sva, at hann rannsakar gyrðla þeira ok finnr, at þeir hafa goða penningha. Gorir síðan rað til, at þetta goðz skal allt undir hann bera, ok þar finnr hann til þa list, at hann tekr .ii. silfrbolla af sialfs sins eign ok skytr niðr i hvarntveggia packann, letr sva liggja ok biða allt til morgins (Unger, 686).

cum diuiciarum suarum copiis deuenisse, ibique apud quendam diuitem hospicium habuisse. Qui nequam sub pelle ouina mansuetudinem ouis simulans, accurate eos suscepit, uariisque potibus, quasi sub hospitalitatis gratia, debriatos esse fraudulenter compulit. Proh ceca auaricia, proh hominis mens nequam in malum prona! Tandem peregrinis somno et crapula plus solito grauatis,

hospes dolosus spiritu auaricie exagitatus, quo eos furti reos conuiceret, conuictorumque peccunias sibi adquireret, scyphum argenteum clam in quadam mantica dormiencium abscondidit. Quod post galli cantum... (*Codex*, 267).<sup>37</sup>

Auðsætt er að þýðandi, ritstjóri eða afritari norrænu þýðingarinnar hefur ekki sömu afstöðu til frásagnarlistar og höfundur, ritstjóri eða afritari *Codex Calixtinus*. Þess ber þó að gæta að það er ekki endilega þýðandinn sem „lagfærir“ latneska textann, latneski textinn sem hann þýddi eftir kann að hafa verið frábrugðinn þeim er varðveisist hefur í *Codex Calixtinus*. Er því ástæða til að skoða í meginþráttum muninn á Jarteiknabók *Codex Calixtinus* og Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*.

Hver kafli í Jarteiknabók *Codex Calixtinus* ber yfirskrift og er þar greint frá hver hafi skráð viðkomandi kraftaverk. Auðvitað er páfinn Calixtus skrifandaður fyrir langflestum þeirra. En skrásetjarar eru fleiri: í tveimur tilvikum (kaflar XVI og XVII, *Codex*, 276 og 278) á skrásetjarinn að vera Anselmus, erkibiskup af Kantaraborg, í einu tilviki heilagur Beda (kafli II, *Codex*, 262) og að lokum skal nefndur kanúki nokkur, Hubert frá Bezançon (kafli IV, *Codex*, 265). Einnig er þess getið í hverri fyrirsögn fyrir sig hvort um sé að ræða „exemplum“ eða „miraculum“. Engar slíkar fyrirsagnir eru fyrir hendi í Jarteiknabók *TPSJ+J* og verður ekki annað séð en Calixtus eigi að vera skrásetjari allra sagnanna. Þeim fylgja flestum úr hlaði orðið „capitulum“ og í örfáum tilvikum (fimm) „miraculum“.

Fyrirsagnirnar bera með sér að höfundi eða ritstjóra *Codex Calixtinus* er í mun að gefa hverri sögu um sig yfirbragð trúverðugleika. Calixtus páfi, heilagur Beda og Anselmus af Kantaraborg eru sögufrægar persónur, menn trúar og kirkju, og þeir skýra aðeins frá því sem satt er og rétt. Norræna þýðandanum eða ritstjóranum þykir ekki ástæða til að grípa til fyrirsagna og hamra á því að Calixtus sé skrásetjari jarteiknabókarinnar. Þó er augljóst að hann (eða höfundur latneska textans sem unnið var eftir) og sá sem setti

37 [og voru] með gnægð fjár og fengu gistingu hjá auðugum manni. Sá reyndist vera úlfur í sauðargæru, því að hann tók vel á móti þeim með margvislegum drykkjarföngum í nafni gestrisninnar, og tókst með blekkingum að hella þá fulla. Ó blinda græðgi, ó mannshugur sem hneigist til að láta illt af sér leiða! Að lokum bar svefninn og ölvunin þá algerlega ofurliði, og hinn undirförluli gestgjafi, sem var knúinn áfram af græðgi, stakk þá svo lítið bar á silfurstaupi í skreppu þeirra sem sváfu, til að geta látið taka þá höndum fyrir stuld og komist yfir peningana þeirra er þeir yrðu dæmdir. Og þegar haniinn hafði galað... (greinarhöfundur þýddi og á einnig aðrar þýðingar úr latínu neðanmáls).

saman Jarteiknabók *Codex Calixtinus* eru einhuga um að gera sögurnar þannig úr garði að þær verði sem trúverðugastar. En til þess eru notaðar ólíkar aðferðir.

Nákvæmni í smæstu atriðum er til þess fallin að efla tiltrú lesanda á les-efni sínu. Ártöl eru afar traustvekjandi og til þeirra er gripið í *Codex Calixtinus*. Ef ártalið er ekki gefið upp er gjarnan vísað til sögufrægrar persónu sem gefur til kynna tímabilið. Í frásögunni af fyrsta kraftaverkinu (*Codex*, 261) er þess getið að það hafi átt sér stað í stjórnartíð konungsins Alfons og mun vera átt við Alfons 6. af Kastilú og León sem uppi var á 11. öld. Konungsins er ekki getið í norrænu þýðingunni. Í aðeins þremur köflum Jarteiknabókar *Codex Calixtinus* kemur ekki fram hvenær atburðirnir sem frá er sagt áttu sér stað og er því greinilega lögð þung áhersla á tíma-setninguna. Ef ártölin eru skoðuð kemur í ljós að flest kraftaverkanna eru sögð hafa gerst á 12. öld. Það „elsta“ á árinu 1080 (kafli IV, *Codex*, 265), það „yngsta“ árið 1135 (kafli XIII, *Codex*, 274). Eðli málsins samkvæmt leikur lítill vafi að ártölin eru tilbúniningur. Ekki síst vekur grunsemdir að þau eru látin standa í svotil réttri tímaröð: 1100 (kafli VI), 1101 (kafli VII), 1102 (kafli VIII), 1103 (kafli IX), 1104 (kafli X), 1105 (kafli XI), 1106 (kafli XII), 1107 (kafli XIV) o.s.frv. Ýmsar ályktanir hafa verið dregnar af ártölunum, einkum í tengslum við tilurð safnritsins *Codex Calixtinus* og hafa fræðimenn einkum beint sjónum að seinasta árinu í tímaröðinni, 1135 (Díaz y Díaz, *El Códice*, 55). Slíkar vangaveltur virðast hæpnar, þar sem ekki er útilokað að um seinni tíma viðbót sé að ræða. Engin ártöl eru á dagskrá í Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*.

Upphaf og endir jarteiknasagnanna í *Codex Calixtinus* og jarteiknasagna *TPSJ+J* eru ekki alltaf samhljóða. Fyrir kemur að láttinn er vera aðdragandi að jarteiknasögu í *Codex Calixtinus* og má í því sambandi nefna kafla VII (269), en hann svarar til kafla 101 í *TPSJ+J* (Unger, 689) og er um að ræða sjötta kraftaverkið. Í *Codex Calixtinus* er sagt frá því að árið 1100 hafi sjómaður að nafni Frisonus stýrt skipi á hafi úti og var skipið fullt af pilagrínum sem voru á leið til Jerúsalem að heimsækja gröf herrans. Mári nokkur, Auitus Maimon að nafni, kemur siglandi á móti þeim og ræðst á skipið. Frásögn *TPSJ+J* hljóðar svo:

Margir pilagrimar hins sälzta fauður Jacobi [þeir eru því á leið til Santiago de Compostela, en ekki Jerúsalem] hófðu komiz i kugg

með goðum skipherra Frison at nafni. Ok sem þeir ero i miðiu hafi, komu at þeim vikingaskip Sarracenorum. Þar fyrir er sa formaðr er Auctus heitir (Unger, 689).

Endir þessarar jarteiknasögu er ekki heldur alveg samhljóða í *Codex Calixtinus* og *TPSJ+J*.

en kuggr Frisonis liggr eptir i bliðum kyrrleik og tekr síþan þa hófn, sem þeir mundu kiosa, með heilu ok hólldnu lofandi guð ok sælan Jacobum postola (Unger, 690).

et Frisonus, uisitato dominico sepulcro, in eodem anno beatum Iacobum in Gallicia adiit. *A domino factum est istut et est mirabile in oculis nostris. Regi regum Ieshu Christo domino nostro sit decus et gloria in secula seculorum. Amen.* (*Codex*, 270, leturbr. míð).<sup>38</sup>

Sögumaður *Codex Calixtinus* dáist að dýrð drottins og lofar hann og prísa. Í *TPSJ+J* eru það pílagrímarnir sem lofa drottin. Allar jarteiknasögurnar í fyrrnefnda ritinu enda á þann hátt, á lofgjörð um drottin sem endurtekin er með mismunandi orðalagi. Formúlan í tilvitnuninni hér að ofan er langoftast notuð. Sögumaður eða skrásetjari norrænu þyðingarinnar (Calixtus) lofar ekki drottin á þennan veg. Sé lofgjörð að finna í lok frásagnar á jarteiknasögu eru það persónurnar sjálfar sem lofa guð eða postulann.

Foru þau siðan [bóndinn og kona hans] lofandi guð almáttigan ok þann blezaða herra Jacobum postola, er yfir byðr Galiciam, en rikir i Compostella meðr mikilli dyrð ok guðs lofi (Unger, 696).

Ofskýringar koma ósjaldan fyrir í Jarteiknabók *Codex Calixtinus*. Það er eins og lesanda eða hlustanda sé ekki fyllilega treyst til að skilja hvað felst í sögu þeirri sem verið er að segja. En einnig kemur fyrir að skýringar vanti til að gera frásögnina fyllri. Í kafla XXII (*Codex*, 286), sem svarar til kafla 111 í *TPSJ+J*, er að finna frásögu þar sem annars vegar er ofskýrt og hins vegar vanskýrt.<sup>39</sup> Eins og þegar hefur verið greint frá fór pílagrímur einn

38 Þegar Frison hafði heimsótt gróf Herrans, fór hann sama ár til Galicia að heimsækja Jakob sela. Þetta gerðist fyrir tilstuðlan drottins og er undursamlegt í vorum augum. Lof og dýrð sé konungi konunganna, Jesú Kristi, drottni vorum um aldir alda. Amen.

39 Sjá hér að framan, bls. 263.

til Santiago de Compostela og bað postulann þeirrar bænar í Dómkirkjunni að vernda sig gegn því að verða hneptur í þrældóm af óvinum sínum. Honum verður það á að minnast ekki á sáluhjálp sína. Með því framkallar hann það sem hann vildi forðast. „Ok fra þessu er hann .xij. sinnum selldr ok keyptr af heiðnum monnum ymizt aa torgi eðr í borgum“ (Unger, 698). Á hinn bóginn eru taldir upp í *Codex Calixtinus* þrettán staðir og fá sumar borgirnar nafn, eins og Alexandría, eða þess er getið að þær tilheyri ákveðnu landsvæði, til dæmis Indlandi eða Eþíópiú. Nokkur staðarnafnanna eru óþekkjaneleg, og voru það kannski frá upphafi, svosem Iazera í Ysclauonia eða Turcopia. Upptalningin á nöfnum virðist eiga að þjóna þeim tilgangi að gera söguna trúverðugri, ekki ósvipað og fyrirsagnirnar.

Á þrettánda staðnum falla fjötrarnir af pílagrínum.

Ok er pilagrimrinn skilr, hversu þessi guðs iartegn er mikil, hugsar hann at hafa nóckurn vátt ok þrifr upp einn fioturstuf, hafandi ut af dyflizunni með ser (Unger, 698).

Fjöturstúf þennan skekur hann svo framan í heiðingja og villt dýr sem vilja gera honum skaða. Fjöturstúfurinn hefur þau áhrif að hann stökkvir á flóttá jafnt villidýrum sem heiðingjum. Ekkert kemur fram um þetta í kafla XXII í *Codex Calixtinus*, þar segir aðeins að pílagrímurinn hafi farið um lönd Mára til að komast aftur til kristinna manna og er svo upp úr þurru farinn að hrista fjöturstúf framan í Mára og hættuleg dýr, án þess að á það hafi verið minnst að hann taki stúfinn með sér í ákveðnum tilgangi. Kaflinn er lengri í *Codex Calixtinus* en í *TPSJ+J*. Hann endar á skýringu sögumanns á því hvernig beri að lesa og skilja söguna, sem orðið er meira en ljóst þegar kemur að lokum hennar.

Si corporis necessaria sunt petenda, igitur anime uita, id est, bone uirtutis, fides scilicet, spes, caritas, castitas, pacientia, temperantia, hospitalitas... (*Codex*, 287).<sup>40</sup>

Inngrip skrásetjara eða sögumanns í frásögnina undir lok hennar breytir ekki aðeins sjónarhorninu heldur verður til að skapa visst ójafnvægi. Það er

40 Ef hægt er að biðja um eitthvað nauðsynlegt líkamanum til handa, ætti enn frekar að biðja um líf sálinni til handa, það er að segja, göfgandi dyggðir eins og trú, von, kærleik, skírlífi, þolinmæði, hófsemi, gestrisni...

breytt um tón. Tónninn breytist einnig þegar upphrópanir eru notaðar, en þó nokkuð er um upphrópanir í jarteiknasögum *Codex Calixtinus*, eins og þegar hafa komið fram dæmi um.

Mira Dei uirtus, mira Christi clemencia, mira beati Iacobi subsidia!  
(*Codex*, 266).

O misericordie uiscera!  
O uenerabile certamen clemencie!  
Quam magnificata sunt opera tua, domine! (*Codex*, 267).<sup>41</sup>

Eins og gefur að skilja verður sú frásögn ekki hlutlæg sem inniheldur upphrópanir og hneigist til að skýra allt ofan í kjöllinn. Frásagnaraðferðin sem notuð er í norrænu þýðingunni byggist einmitt á hinu gagnstæða, á vissri hlutlægni og trausti á lesandanum. Auk þess eru jarteiknasögur hennar ósjaldan fléttadár af meiri hagleik og mætti nefna sem dæmi kafla XI í *Codex Calixtinus* (273), en hann samsvarar kafla 104 í *TPSJ+J* (Unger, 691). Í þessum tveimur köflum kemur vel fram munurinn á frásagnarhætti þessara tveggja rita. Samkvæmt *Codex* er Calixtus páfi skrásetjari þessarar sögu og atburðurinn sem hún greinir frá að hafa gerst árið 1105. Sagt er frá ítölskum manni er Bernardus heitir. Tekið er sérstaklega fram að hann hafi verið frá Corzano, stað sem sé að finna í biskupsdæminu Modena. Bernardus er tekinn höndum af óvinum sínum og kastað í fjötrum „in profundo cuiusdam turris“. Úr myrkastofunni í turninum ákallar hann Jakob postula sem birtist honum, losar af honum fjötrana og hverfur svo á braut, en segir áður við Bernardus að hann skuli fylgja sér til Galicia: „Ueni sequere me usque ad Galleiam“. Síðan er farið hratt yfir sögu, pílagrímurinn fer efst upp í turninn og stekkur fram af brúninni án þess að meiðast og þykir sögumanni merkilegt að hann skuli hafa sloppið lifandi eftir svo hátt fall. Frásögnin endar svo á þessari setningu:

A domino factum est istut et est mirabile in oculis nostris. Regi regum sit decus et gloria in secula seculorum. Amen. (*Codex*, 273).<sup>42</sup>

<sup>41</sup> Dýrðlegi máttur guðs, dýrðlega miskunn Krists, dýrðlega liðveisla hins sæla Jakobs! Ó, miskunnsama hjarta! Ó, göfuga baráttu miskunseminnar! Hve stórbrotnar eru gjörðir þínar, drottinn!

<sup>42</sup> Þetta gerðist fyrir tilstuðlan drottins og er undursamlegt í vorum augum. Vegsemð og dýrð sé konungi konunganna um aldir alda. Amen.

Sama frásögn í *TPSJ+J* er nákvæmari, þótt engin fyrirsögn innleiði kaflann og hvergi komi fram ártal. Þá kemur ekki fram frá hvaða stað á Ítalíu Bernardus sé. Hins vegar er frá því skyrt að hann sé „pilagrimr hins sæla Jacobi postola“. Semsgart, pilagrímur á leið til Galicia. Þess er ekki getið í *Codex Calixtinus*. Auk þess er greint frá í norrænu þýðingunni að yfir myrkrastofunni þar sem Bernardus er hafður í haldi séu mörg herbergi og því ekki auðvelt að komast undan. Frásögnin af því þegar Jakob birtist Bernardusi er svotil eins í báðum textum. En í framhaldi af því er tekið fram í norrænu sögunni að Bernardus geri sér grein fyrir að miskunn postulans hafi frelsað hann og til marks um það kraftaverk tekur hann hálsjárnin með sér. Einnig er lýst ferð hans upp í turninn, verður þá hurð fyrir honum og henni lýkur hann upp og sér, að hann er staddur mjög langt frá jörðu.

Ok eigi því siðr gengr sva mikit traust af miskunn Jacobi inn i hans hiarta, at hann hefr sik ut af hlemminum, ok kemr standandi a iorð, sva at eigi nöckut minnzta var honum ofboðit.

Seinasta setningin í sögunni er á þessa leið:

For hann leiðr sina frials ok liðugr, hafandi með ser þriar jartegnir eðr fleiri vestr i Galiciam aa fund Jacobi synandi halsiárnum til provanar sinum framburði (Unger, 692).

Ekkert af þessum atriðum er að finna í *Codex Calixtinus* og af því leiðir að frásagan er ekki eins „röklegr“ fram sett og sú norræna og mætti jafnvel segja að vanti líf í hana. Sögunaður jarteiknasagnanna í *TPSJ+J* vill „fanga“ lesandann og hyggst gera það með því að segja honum sögu sem ber merki góðrar frásagnarlistar. Það er svo lesandans eða hlustandans að draga sínar ályktanir. Á hinn bóginna er sögumanninn eða -mönnunum jarteiknasagnanna í *Codex Calixtinus* meira í mun að skila kórréttir hugsun í trúarlegu tilliti og „fanga“ lesandann í þágu hennar.

## Niðurlag

*Tveggja postula saga Jóns og Jakobs* veitir góða yfirsýn yfir þær helgisögur sem gengu á miðoldum landa á milli um postulann Jakob. Þegar hefur verið minnst á að sögum þessum megi í grófum dráttum skipta í þrennt,<sup>43</sup> en jafnframt kemur til greina að skipta þeim aftur í smærri einingar.

I. Sögur sem eiga rætur að rekja til Pseudo-Abdiasar: 1) Trúboð Jakobs. 2) Sagan af Filetusi og Ermogenis. 3) Hálshögg Jakobs. 4) Saga sem byggist á eða er samhljóða seinni hluta *sermo Honoriusar d'Autun*. Segir hún frá líkflutningi Jakobs og viðureign Filetusar og Ermogenis við frúna Lupa.

II. Sögur er tilheyra Turpinskróniku sem er varðveitt í mörgum handritum, meðal annars *Codex Calixtinus*. Í þessum sögum er sagt frá Karlamagnúsi sem gerist handgenginn postulanum Jakobi og birtist postulinn Karlamagnúsi þrisvar í draumi og eggjar hann á að fara til Spánar til að berjast móti heiðingjum. Þessi hluti samanstendur af eftirtöldum atriðum: 1) Draumar Karlamagnúsar. 2) Fall Pamplona. 3) Frásaga Turpins erkibiskups. 4) Kirkjubyggingar Karlamagnúsar. 5) Barátta hans við hinn heiðna konung Agulando, þótt sú frásaga í *TPSJ+J* sé örstutt. Nánar segir af þeim konungi í *Karlamagnús sögu og kappa hans*. 6) Fyrirboðar sem erkibiskupinn Turpin verður vitni að og dauði Karlamagnúsar. Um Turpinskróniku hefur ekki verið fjallað hér.<sup>44</sup>

III. Kraftaverk postulans Jakobs, en *Codex Calixtinus* varðveitir jar-teknabók hans og *Tveggja postula saga Jóns og Jakobs* varðveitir hliðstæðu hennar á íslensku.

Hinar eiginlegu frásögur af postulanum Jakobi fjalla um líf hans, píslarvætti og kraftaverk sem tengjast áheitum á hann, einnig hvílustað hans í Santiago de Compostela. Öll frásögnin af Karlamagnúsi er dálítið sér á báti, en engu að síður eru þeir tveir óaðskiljanlegir, postulinn og keisarinn franski, því að Karlamagnús verður einskonar staðgengill Jakobs hér á jörðu.

*Skarðsbók* postulasagna sem hefur að geyma *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* er mikið safnrit og er sagan af Jakobi ekki nema lítið brot af því riti, auk þess fléttuð saman við aðra sögu sem fyllar um Jón, bróður hans. Samt

43 Sjá bls. 255.

44 Sjá bls. 254, neðanmáls.

er þessum tveimur sögum haldið það vel aðgreindum í framvindunni að þær flækjast lítið hvor fyrir annarri.

Safnrit eins og *Skarðsbók* postulasagna veitir innsýn inn í hvernig svona rit voru hugsuð og unnin. Bókin hefur átt að geyma „allt“ sem vitað var um tiltekna postula og er Jakob þar engin undantekning. Safnritum var auðvit-að ætlað að lifa lengi og þess vegna varð að vanda sem mest og best til þeirra, ekki aðeins hvað útlit varðaði, heldur einnig framsetninguna. Því varð ekki hjá komist að færa bókina „í nútímabúning“, en handritið er talið vera frá 14. öld.

Þótt ekki sé hægt að sýna það svart á hvítu, má ætla að sá hluti *Skarðsbókar* sem fjallar um Jakob postula og byggist á Pseudo-Abdiasi, sé ný og sjálfstæð þýðing. Latneski textinn sem þýtt var eftir, og skín í gegn, gefur vísbendingu um það. Í meginmálinu er að finna glefsur á latínu og er aðallega um að ræða bíblíutilvitnanir. Augljóst er að sá sem fékkst við frásögu Pseudo-Abdiasar, eins og hún birtist í *Skarðsbók*, hafði latneska textann af henni undir höndum. Þar með er ekki sagt að ritstjóri eða afritari *Skarðsbókar* hafi skotið inn þessum setningum á latínu, þær hafa ef til vill verið til staðar í forriti sem *Skarðsbók* var unnnin eftir. En sé um að ræða nýja þýðingu, hver svo sem gerði hana, verður ekki annað séð en þýðandinn áliti sig nokkuð óbundinn af frumtextanum. Hann leyfir sér ýmist að lengja hann eða stytta, og að því er virðist eftir eigin höfði. Hann grípur einnig til málskrúðs og skýringa sem kannski segja lítið. Ekkert slíkt er að finna í frumtextanum. Raunar er *Tveggja postula saga Jóns og Jakobs* ekki þýðing í eiginlegri merkingu þess orðs, heldur endursköpun á Pseudo-Abdiasi.

Á hinn bóginn er sú Jakobs saga sem ég hef nefnt *A* raunveruleg þýðing á Pseudo-Abdiasi og reyndar ágætlega unnin. Hún nefnist í útgáfu Ungers (524), eins og áður hefur verið greint frá, *Tillæg – Passio sancti Jacobi apostoli* og lítur út fyrir að vera helgisögn sem ætluð sé til lesturs á messudegi postulans. Úr því að Unger setur *A*-gerðina á eftir *B*-gerðinni í útgáfu sinni, virðist sem hann líti svo á að *A* sé stytting á *B*. En þessu er einmitt öfugt farið eins og hefur verið reifað hér að framan. *B*-gerð Jakobs sögu fylgir *A*-gerðinni nánast frá orði til orðs hvað varðar uppistöðu frásagnarinnar, en við *B*-gerðina hefur verið aukið inngangskafla og aukakafla sem á rætur að rekja til seinni helnings pré dikunar Honoriusar d'Autun. Þessi gerð hefur að geyma söguna um flutninginn á líki postulans til Spánar,

greftrun hans þar í landi og helgi Dómkirkjunnar í Santiago de Compostela, en það eru allt atriði sem breyta yfirbragði Jakobs sögu A sem frásögnin er reist á. Í þeirri sögu er aðeins greint frá lífshlaupi (*vita*) postulans, og píslarvætti hans. Því er ekki að neita að Jakobs saga B virðist skrifuð í þeim tilgangi, auk hins trúarlega, að örva pílagrímsferðir til Santiago de Compostela. Er hér á ferð einskonar „árður“. Athyglisverðast við Jakobs sögu B er að hún varðveitir og sýnir mjög greinilega samruna tveggja helgisagna, en sá samruni átti sér stað á miðöldum. Önnur sagði frá lífi, trúboði og píslardauða postulans, hin frá flutningnum á líki hans og greftrun á Spáni. Ég tel að Jakobs saga B sé fulltrúi fyrir hina upprunalegu frásögn eins og hún varð eftir að helgisögurnar tvær runnu saman. En því er ekki þannig háttar í *Codex Calixtinus* og kemur sá samruni hvergi fram. Það væri ekki einu sinni hægt að koma auga á hann, þrátt fyrir góðan vilja, því að frásögnin af lífshlaupi Jakobs í *Codex Calixtinus* og síðan flutningurinn á líki hans til Spánar eru tvær vandlega aðskildar frásagnir, þær tilheyra ekki einu sinni sömu bók, sú fyrri þeirri fyrstu og sú seinni þeirri þriðju. En þrátt fyrir að Jakobs saga B sé að hluta af annarri hefð en Jakobs saga A er skyldleiki þeirra náinn.

Þótt um það bil tvær aldir skilji að handritin *Codex Calixtinus* og *Skarðsbók* postulasagna, þar sem *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* er að finna, og innihald þessara safnrita sé um margt ólíkt, hafa þau engu að síður ákveðin sameiginleg einkenni hvað miðlun efnisins varðar. Eins og Sverrir Tómasson hefur bent á má skýra mismun í frásagnarhætti og stíl í *Skarðsbók* á þann hátt, að mismunandi eða misgömul handrit liggi að baki.<sup>45</sup> Augljóst er að ekki er alltaf sami frásagnarstíllinn notaður í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* og er framangreind skýring einmitt sú sem beinast liggur við. En þó verður einnig að hafa í huga að um sambraðslu tveggja ólíkra texta er að ræða og hlýtur það einnig að hafa haft áhrif á yfirbragð stílsins. Þá hefur og haft áhrif á frásagnarstíllinn sú staðreynd að um safnrit er að ræða, rit sem ætlunin var að gera sem veglegast úr garði eins og áður var vikið að.

*Codex Calixtinus* inniheldur margar ræður og hómíliur, og eru þær plássfrekar, um það bil helmingur verksins, en á því sést að reynt hefur verið að

45 Sverrir Tómasson, „Kristnar trúarbókmennir í óbundnu máli“, *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason (Reykjavík: Mál og menning, 1992), 446–447.

safna öllu því efni sem á blað hafði komist og tengdist á einhvern hátt postulanum Jakobi. Einnig sálmum, lofgjörðum og mörgu öðru. Ef miðað er við hið mikla efni safnritsins og hversu margbrotið það er, er eðlilegt að undirstaðan sem verkið hvílir á missi eilítið vægi sitt. En sú undirstaða er, líkt og í Jakobs sögu *TPSJ+J*: Pseudo-Abdias, Honorius d'Autun, Pseudo-Turpin og Jarteiknabókin. Þeim frásögum er dreift um textann. Hins vegar mynda þessar sögur kjarnann í frásögninni af Jakobi í *TPSJ+J*.

Þótt ef til vill sé ekki hægt um vik að jafna saman heilu safnriti, eins og *Codex Calixtinus* sem fjallar aðeins um einn postula og svo takmarkaðri frásögn af þessum sama postula í öðru riti, *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, sem er að sínu leyti hluti af safnriti, þá er ljóst að báðir textar hafa gengið gegnum umtalsverðar breytingar miðað við ritin sem liggja þeim til grundvallar. Það er að segja, miðað við Jakobs sögu A (Pseudo-Abdias) og Jakobs sögu B (Pseudo-Abdias og Honorius d'Autun). Tilhneigingin er sú sama í báðum verkum, *Codex Calixtinus* og *TPSJ+J*, að hefja frásöguna í æðra veldi, og er í því skyni gripið til margs konar bragða í stíl og mælkskulista. Frásögnin belgist út, verður á köflum mærðarleg og tilfinningaþrungin.<sup>46</sup> Þó gætir meiri hófstillingar í *TPSJ+J*. Í hvoru tilviki um sig víla ritstjórar eða afritrar ekki fyrir sér að umbreyta þeim textum sem liggja til grundvallar. Og þær breytingar eru gerðar á ekki ólíkum stöðum í frásögum beggja verka. Ekki er unnt að skýra breytingarnar eingöngu útfrá forritum eða því að afstaðan í trúmálum kunni að hafa breyst. *Codex Calixtinus* er mun eldra handrit en *Skarðsbók*. Sú staðreynð að bæði ritin skuli vera safnrit hlytur að skipta tölverðu máli, og tel ég að það sé undirrótin að helstu breytingunum sem frásögur þeirra ganga í gegnum.

Frásögurnar eða ræðurnar í Jakobs sögu A og B minna að lengd og formi á þætti og það gerir frásaga Pseudo-Abdiasar líka. Afar erfitt er að segja til um hvort þær hafi verið þýddar eftir latnesku safnriti og verið hluti af því, eða verið í umferð, ásamt öðrum frásögnum, sem meira eða minna sjálfstæðar sögur er höfðu verið þýddar á norræna tungu og var ekki safnað fyrr en löngu síðar. Ýmislegt bendir til að svo hafi verið, að þættirnir hafi lengst af verið tiltölulega sjálfstæðir. Þeir lenda síðar með ólíkum sögum í mismunandi safnritum, eru kannski í slagtogi með dýrlingum og helgum mönnum sem höfðu ekki endilega verið postular.<sup>47</sup> Hinar stuttu post-

46 Sjá bls. 257–259.

47 Sjá Ólafur Halldórsson, *Sögur*, 25.

ulafrásagnir eða þættir hafa að líkindum verið notaðir meira til hvunndags-brúks og við ýmsar trúarathafnir en stóru safnritin, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að þau hafi verið í eign kirkju eða klausturs. Einnig má gera ráð fyrir að fólk hafi að meira eða minna leyti kunnað þessar sögur, að minnsta kosti þekkt þær, og var meira en að segja það að hrófla við frásögn sem þegar höfðu hlotið fastan sess í lífi fólks. Öðru máli gegndi þegar farið var að fella þær inn í stærri rit þar sem ekki aðeins trúarlegur heldur mjög ákveðinn listrænn metnaður bjó að baki, og fengu kannski annað hlutverk en þær höfðu upphaflega haft. Þá hverfur hin einfalda og látausa frásögn sem hafði haldið tryggð við latnesku frumtextana og tillærð mælskulist heldur innreið sína. Það er því ekki ósvipaður andi sem knýr áfram frásögurnar í *Codex Calixtinus* og sögu Jakobs postula í *TPSJ+J*, þó að nærrí tvær aldir skilji þær að og önnur sé á latínu og hin á íslensku.

Enginn vafi leikur á að Jarteiknabók *Codex Calixtinus* og Jarteiknabók *Tveggja postulasögu Jóns og Jakobs* eru af sama meiði, enda er um sömu frásagnir að ræða. Óvist er þó hvort forritið að hvoru verki fyrir sig hafi verið alveg sömu gerðar, en eftirtektarvert er að uppistaðan í báðum jarteiknabókunum er sú sama og svo er einnig að hluta um röð jarteiknanna. Það virðist sem ekki hafi verið lagt í breytingar á borð við þær sem gerðar voru á öðrum frásögnum þessara rita og verið var að reifa hér að framan. Mælskulistin hefur sig ekki á loft í jarteiknabókunum og belgir út textann. Í þeim er verið að segja frá staðreyndum, atburðum sem höfðu átt sér stað á miðoldum í lífi fólks. Samkvæmt frásogninni í *Codex Calixtinus* eru atburðir þessir, jarteiknirnar, nánast samtímaatburðir, enda rík áhersla lögð á ártöl og manna- og staðarnöfn. Þetta eru vitnisburðir fólks sem sá og lifði eða heyrði um kraftaverkin.

Eins og fram er komið taka jarteiknasögurnar í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* ósjaldan fram sömu sögum í *Codex Calixtinus* hvað frásagnarlist varðar. Meira virðist lagt upp úr góðri frásögu í fyrnefnda ritinu en því síðarnefnda. Þótt ekki sé unnt að sýna fram á það á óyggjandi hátt, tel ég að yfirskriftirnar í *Codex Calixtinus* yfir hverju kraftaverki um sig, og einnig ártölin, séu seinni tíma viðbætur og að Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* sé upprunalegri, ef svo má að orði komast. Hún sé upprunalega afmarkað og sjálfstætt verk. Ef litið er til íslenskra safnrita sem innihalda postulasögur, virðist sem ritstjórarnir hafi ekki alltaf raðað efninu

samkvæmt forskrift tiltekinnar bókar, heldur hafi þeir látið eitthvað annað ráða ferðinni, til dæmis eigin áhuga á ákveðnum postulum, áhuga þeirra sem pöntuðu safnritið, eða þá að þeir hafi orðið að láta sér nægja efni það sem hægt var að ná í með góðu móti. Hvað varðar frásagnir eins og Jakobs sögu A eða Jakobs sögu B, þykir mér líklegt að þær hafi lifað sjálfstæðu lífi þangað til þær voru lokaðar inni í safnritum. Einnig sýnist mér að Jarteiknabók *Codex Calixtinus* og Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs* hafi verið hvor um sig sjálfstætt verk þangað til safnritin gleyptu þau. Og þá þykir mér meira en líklegt að fyrri hluti formálans að ritinu mikla *Codex Calixtinus* hafi upphaflega aðeins verið formáli að jarteiknabók postulans Jakobs, eins og hann er í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*.

Munurinn á jarteiknabókunum tveimur, í *Codex Calixtinus* annars vegar og hins vegar í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, er einkum fólginn í eftirtöldum atriðum:

1) Ártöl og fyrirsagnir er ekki að finna í Jarteiknabók *TPSJ+J*, á hinn bóginn er hvorttveggja notað í *Codex Calixtinus*. 2) Upphof og endir hvers kraftaverks eru sjaldan samhljóða í þessum tveimur ritum og er ég á því að um sé að ræða viðbætur og breytingar sem hafa verið gerðar á texta *Codex Calixtinus*. 3) Einnig tel ég að megi skrifa á reikning ritstjóra *Codex Calixtinus* eða forritara hans allar upphrópanir og flestar ofskýringar sögu-manns. Sagt er frá á mun hlutlausari hátt í Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*. Hvort verk um sig birtir ólíka afstöðu gagnvart því sem kalla mætti innrætingu.

Í jarteiknabók *TPSJ+J* er innrætingin hógvær og traust boríð til skilnings lesandans eða hlustandans á efninu. Frásögnin í Jarteiknabók *Codex Calixtinus* er meira uppáþrengjandi, þyngri áhersla lögð á tilfinningalegt uppnám. En ómöglegt er að vita hvort þýðandinn, sem þýddi Jarteiknabók *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, hafi séð sig knúinn til að laga frásögnina og færa til betri vegar, að hans mati, eða hvort latneski textinn sem hann þýddi eftir var betur saminn en sá sem varðveisist hefur í *Codex Calixtinus*.

Þótt *Codex Calixtinus* sé talið elsta handritið sem til er af *Liber Sancti Jacobi*, er það ekki, eins og áður er getið, eina handritið sem til er af því verki. Ég tel ekki sérstaka ástæðu til að velta fyrir sér hvort *Liber Sancti Jacobi* hafi borist til Norðurlandanna í svipuðu formi og lengd og *Codex Calixtinus*. Það er ekki margt sem bendir til þess. Hins vegar tel ég ástæðu til að benda

á að til eru handrit sem eru talin vera styttri gerð af *Liber Sancti Jacobi*. Þýski fræðimaðurinn Adalbert Hämel nefndi þá gerð *Libellus sancti Iacobi*.<sup>48</sup> Hún er til í allmörgum handritum og eru þau sögð að meira eða minna leyti frábrugðin hvert öðru. Reyndar bendir Díaz y Díaz á að eiginlega sé gert ráð fyrir, og ekki að mjög athuguðu máli, að *Libellus*-gerðin sé afsprengi *Liber*-gerðarinnar. Hann álítur að því gæti verið öfugt farið, að lengri gerðin, *Liber Sancti Jacobi*, hafi verið samin með hliðsjón af styttri gerðinni, *Libellus sancti Jacobi*.<sup>49</sup> Hverníg sem því var hátt að hlýtur að vakna sú spurning hvort þessi síðarnefnda gerð hafi borist til Norðurlandanna. Eins og fram er komið tel ég það heldur ólíklegt og að þættirnir eða ræðurnar hafi lifað nokkuð sjálfstæðu lífi þar til farið var að safna þeim kerfisbundið og fella í stór safnrit, hvort sem það var gert á Íslandi eða annars staðar. Við það má bæta að í *Libellus*-gerðinni er lögð rík áhersla á Karlamagnús og kappa hans sem dóu píslarvættisdauða í Rúnzival, það er að segja, á Turpins-krónikuna, sem er að finna að hluta í Karlamagnús sögu, og ekki nema að takmörkuðu leyti í *TPSJ+J*. En hafi einhvern tíma verið til *Libellus sancti Iacobi* á Íslandi, hefur þeirri gerð svipað til sögunnar af Jakobi í *Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs*, en auðvitað hefur hún verið samþjöppuð frásögn og ekki sundruð eins og hún birtist í postulasögum *Skarðsbókar*. Hvað sem þeim vangaveltum líður er þó ein staðreynd mikilvæg, íslensku sögurnar um Jakob postula eiga sér latneska fyrirmynnd í einu og sama ritinu – *Codex Calixtinus*.

#### HEIMILDIR

##### Útgáfur

*Postola sögur*, udgivne af C.R. Unger. Udgiven som universitetsprogram for Andet Semester 1873. Christiania: 1874. Í þessari útgáfu er *Jakobs saga postola* (513–535) og einnig *Tveggja postula saga Jons ok Jakobs* (536–711).

*Karlamagnús saga ok kappa hans*. Udgivet af C.R. Unger. Program til I. Semester 1859. Christiania: 1860.

*Islandske Annaler indtil 1578*. Udg. af Dr. Gustav Storm. Christiania: 1888.

*Liber Sancti Jacobi*, „*Codex Calixtinus*“ I. Texto. Walter Muir Whitehill afritaði og gaf út. Santiago de Compostela: MCMXLIV.

*Texto del manuscrito Codex Calixtinus conservado en la Catedral compostelana. Liber Sancti Jacobi*, „*Codex Calixtinus*“. Traducción por los profesores A. Moralejo,

48 Díaz y Díaz, *El Códice*, 38.

49 Díaz y Díaz, *El Códice*, 40.

- C. Torres og J. Feo. Santiago de Compostela: 1951. Reedición preparada por Carro Otero, Xunta de Galicia, 1992.
- Mombritius, Boninus. „*Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei.*“ *Sanctuarium seu Vitæ Sanctorum II*, ritstj. Georg Olms. New York: Verlag Hildesheim, 1978, 37–40.
- Honorius Augustodunensis (Honorius d'Autun). „*De Sancto Jacobo Apostolo.*“ *Speculum Ecclesiæ*, accurante J.-P. Migne, *PL CLXXII. Seu Petit Montrouge*, 1854, 981–986.
- La Chanson de Roland.* Texte présenté, traduit et commenté par Jean Dufournet. Paris: Flammarion, 1993.

#### Bækur og greinar

- Collings, Lucy Grace. *The Codex Scardensis: Studies in Icelandic Hagiography*. New York: Cornell University, 1969 [óútgefin doktorsritgerð].
- Díaz y Díaz, Manuel C. *El Códice Calixtinus de la Catedral de Santiago*. Santiago de Compostela: 1988.
- Fernández Arenas, José. *Elementos simbólicos de la peregrinación Jacobea*. Santiago de Compostela: Edilesa, 1988.
- Foote, Peter G. „The Pseudo-Turpin Chronicle in Iceland“, *London Mediæval Studies* 4 London: University College London, 1959.
- Hämel, Adalbert. *Überlieferung und Bedeutung des Liber Sancti Jacobi und des Pseudo-Turpin*. München: Verlag der Bayerischen Akademie der Wissenschaften, 1950.
- Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson. *Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Jónas Kristjánsson. „Sagas and Saints' Lives.“ *Cultura Classica e Cultura Germanica Settentriionale*, ritstj. Pietro Janni, Diego Poli og Carlo Santini. S. Severino: Università di Macerata, 1988, 125–143.
- Meredith-Jones C. *História Caroli Magni et Rotholandii ou Chronique du Pseudo-Turpin*. Genève: Slatkine Reprints, 1972, réimpression de l'édition de Paris, 1936.
- Ólafur Halldórsson. *Sögur úr Skarðsbók*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1967.
- Roughton, Philip. „Stylistics and sources of the *Postolasögur* in AM 645 4to and AM 652/630 4to.“ *Gripla* 16 (2005): 7–49.
- Roughton, Philip. *AM 645 4to and AM 652/630 4to: Study and Translation of Two Thirteenth-Century Icelandic Collections of Apostles' and Saints' Lives*. University of Colorado: Boulder, 2002 [óútgefin doktorsritgerð].
- Santiago, la catedral y la memoria del arte*, ritstj. Núñez Rodriguez, Manuel. Santiago de Compostela: Consorcio de Santiago, 2000.
- Sverrir Tómasson. „Kristnar trúarbókmenntir í óbundnu máli.“ *Íslensk bókmenntasaga*, ritstj. Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason. Reykjavík: Mál og menning, 1992, 421–479.

Zink, Michel. *Introduction à la littérature française du Moyen-Âge*. Presses universitaires de Nancy, 1993.

Pórður Ingi Guðjónsson. „Tómas saga postula.“ *Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula*, höf. og ritstj. Jón Ma. Ásgeirsson og Pórður Ingi Guðjónsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, 107–223.

## SUMMARY

*The Saga of the Apostle James, the Combined Saga of the Apostles John and James, and Liber Sancti Jacobi*

**Keywords:** Christian saints, Medieval Iceland, Medieval Latin, Manuscripts, Bible, Biography, Christian hagiography, Apostles, Pseudo-Abdias, Apostle James, Honorius of Autun, Skarðsbók, Codex Calixtinus, Historia Apostolica, *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs*.

This article discusses the three existing Icelandic sagas of the apostle James and stresses the relationships between them. The oldest and most original of these sagas is preserved in the manuscript AM 645 4to, dated to the 13<sup>th</sup> century. This saga is a translation of a short Latin narrative included in the *Historia Apostolica*, attributed to the so-called Pseudo-Abdias and thought to be from the 6<sup>th</sup> or 7<sup>th</sup> century. The narrative of James in AM 645 4to is a close translation of the Pseudo-Abdian *Passio sancti Iacobi Apostoli filii Zebedei*, covering the life of the apostle (*vita*) and his death (*passio*). The second saga of the apostle James is preserved in the manuscript AM 630 4to, from the 17<sup>th</sup> century. It also narrates the *vita* and *passio* of the apostle. These parts of the saga are based entirely on the translation and narrative in the AM 645 4to version, except that the entire saga in AM 630 4to is longer, including as it does an account of the transferal (*translatio*) of James's body to Spain and its burial there. The saga reflects a fusion of two different legends that is thought to have taken place at the end of the 11th century. One of the legends narrated the *vita* and *passio* of the apostle and the other the *translatio* of his body, and I consider this saga, the AM 630 4to version, to display the original, post-combination version of the narrative. A written source for the account of the apostle's *translatio* added to the *vita* of the apostle James is found in the latter part of a 12<sup>th</sup>-century sermon by Honorius of Autun. The Norse translation of Honorius' sermon is well-made and meticulous. The third version of the saga on James is found in the *Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* (*Combined Saga of the Apostles John and James*), included in the Skarðsbók collection of apostles' lives. Although this narrative represents an amalgamation of two different sagas, those of John and James, the latter narrative is intact enough to allow us to isolate it

and speculate on its original form at the hands of its translator. It has the unique characteristic of containing sentences in Latin, Bible citations derived from the Pseudo-Abdian text, and is based on the same narratives as the two aforementioned sagas, although the material has been treated so freely that it may be considered a revision. For further clarification:

AM 645 4to (13<sup>th</sup> century) < Pseudo-Abdias (6<sup>th</sup> or 7<sup>th</sup> century)

AM 630 4to (17<sup>th</sup> century) < Pseudo-Abdias and Honorius of Autun (12<sup>th</sup> century). These two narratives appear to have been combined at the end of the 11<sup>th</sup> century.

*Tveggja postola saga Jons ok Jakobs* (14<sup>th</sup> century) < Pseudo-Abdias and Honorius of Autun (yet only the saga of the apostle James)

I consider the last saga to be a new but unfaithful translation of the texts of Pseudo-Abdias and Honorius of Autun. Additionally, the *Tveggja postola saga* contains a miracle book containing twenty-five miracles attributed to the apostle James. These miracle accounts can also be read in the *Codex Calixtinus*, a work on the apostle James written in Latin. The manuscript is dated to the 12<sup>th</sup> century and is housed in the Cathedral of Santiago de Compostela in Spain. There is no doubt that the Norse translation of the miracle book attached to the *Tveggja postola saga Jóns ok Jakobs* is based on a similar Latin exemplar as the *Codex Calixtinus* miracle book. I am not familiar with another work in Latin corresponding to the miracle book of the *Tveggja postola saga*, but comparing it to the *Codex Calixtinus* text reveals the saga's miracle book to be for the most part a precise translation.

All of the narratives on James in the Icelandic manuscripts are also preserved in the *Codex Calixtinus*, giving me reason to compare the two sets. As the *Codex Calixtinus* sheds light on the Icelandic sagas, so do those sagas shed light on the *Codex Calixtinus*.

Álfrún Gunnlaugsdóttir, Professor Emeritus  
Skerjabraut 9  
IS-170 Seltjarnarnesi, Íslandi